

# Ársskýrsla

Stúdentafélags Háskólans á Akureyri



Stúdentafélag  
Háskólans á Akureyri

2020-2021



*Útgefandi*

*Stúdentafélag Háskólans á Akureyri*

*Ritstjóri*

*Almar Knörr Hjaltason*

## Efnisyfirlit

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri.....	1
Ávarp formanns .....	1
Skýrsla Stúdentaráðs .....	4
Stúdentaráð .....	4
Skýrsla Framkvæmdastjórnar .....	7
Starfsemi framkvæmdastjórnar .....	7
Pistill frá framkvæmdastjórn .....	8
Aðalfundur 2021 .....	11
Landssamtök íslenskra stúdenta .....	15
Skýrslur fastanefnda SHA .....	19
Alþjóðanefnd .....	19
Kynninganefnd.....	21
Viðburðanefnd.....	23
Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri .....	26
Háskólaráð.....	27
Gæðaráð .....	31
Siðanefnd.....	33
Jafnréttisráð .....	34
Umhverfisráð.....	37
Vísindaráð.....	41
Stjórn FÉSTA .....	43

Aðildarfélög SHA.....	45
Ársskýrsla Data .....	46
Ársskýrsla Eirar .....	50
Ársskýrsla Forseta.....	56
Ársskýrsla Kumpána .....	61
Ársskýrsla Magister .....	65
Ársskýrsla REKA .....	68
Ársskýrsla Stafnbúa 2021 .....	71
Ársskýrsla Þemis .....	75
Ársreikningur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri .....	78
Ársreikningar aðildarfélaga .....	81
Ársreikningur Data.....	81
Ársreikningur Eirar.....	83
Ársreikningur Forseta .....	85
Ársreikningur Kumpána.....	87
Ársreikningur Magister.....	89
Ársreikningur Reka .....	91
Ársreikningur Stafnbúa.....	93
Ársreikningur Þemis .....	95

## Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

### Ávarp formanns



Ég hef notið þeirra forréttinda að fá að leiða Stúdentafélag Háskólans á Akureyri síðasta starfsár sem formaður félagsins. Fyrir það var ég formaður Kumpána, félags félagsvísinda- og sálfræðinema og árið þar áður nýnemafulltrúi. Háskólasamfélagið sem er hér við Háskólann á Akureyri heillaði mig frá fyrsta degi. Þegar ég hóf fyrst nám hafði ég litla trú á sjálfri mér og það hvarflaði alls ekki að mér að ég ætti eftir að leiða Stúdentaráð háskólans einn daginn. Háskólinn hefur þó dregið fram mínar bestu hliðar, hér eru nefnilega tækifæri fyrir alla til þess að blómstra, það þarf bara að grípa þau. Ég hef fengið þann heiður að kynna frábæru fólki í

gegnum SHA sem í mörgum tilfellum mun fylgja mér í gegnum lífsleiðina. Fyrir það er ég óendanlega þakklát.

Starfsárið sem er nú að líða undir lok hefur verið fordæmalaust. Þegar ég tók við sem formaður SHA hafði ég ákveðnar hugmyndir hvernig starfsárið yrði. Kórónuveirufaraldurinn breytti þeim plönnum afar fljótt. Ég ásamt öflugum stúdentaráði SHA þurfti að hugsa í nýjum lausnum með jákvæðni og hagsmuni stúdenta að leiðarljósi. Við höfum þurft að mæta mörgum krefjandi áskorunum sem hefur reynt á samvinnu okkar. Á vormisseri var allt nám fært yfir í rafrænt form og augljóst var að ekkert hefðbundið félagslíf eða kennsla yrðu. Gæði náms og kennslu hafa verið í forgangi allt starfsárið og höfum við beitt okkur fyrir því á ýmsan



hátt, sent út kannanir á stúdenta, átt samráðsfundi við stjórnendur háskólans og einnig við stjórnvöld. Mikilvægt er að gæði náms og kennslu séu ætíð höfð í forgangi hjá forystu SHA, það sýndi sig og sannaði á þessum tímum. Þá er einnig mikilvægt, að þegar loks fer að birta til verði haldið í þær hefðir sem hafa verið ríkjandi í félagslífi stúdenta HA í gegnum tíðina. Félagslífið í Háskólanum á Akureyri er einstakt og því þarf að viðhalda. Ég treysti því að komandi stjórn Viðburðanefndar muni leiða öflugt Sprellmót, halda glæsilega árshátíð og stútfulla Stóru Vísó. Auk þess vona ég innilega að hægt verði að taka með hefðbundnum hætti á móti nýnemum á komandi skólaári. Ég mun fylgjast vel með og jafnvel laumast til þess að taka þátt. Þrátt fyrir að þessa mikilvægu þætti hafi vantað, er ég stolt af því hvernig við leystum úr aðstæðunum hverju sinni og gerðum okkar allra besta ætíð og náðum þó að halda uppi félagslífi við afar krefjandi aðstæður.

Geðheilbrigðismál eru mér afar kær og hafa þau setið á hakanum við Háskólann á Akureyri, en þar voru engin geðheilbrigðisúrræði fyrir stúdenta þrátt fyrir öfluga Náms- og Starfsráðgjafa. Við í Stúdentaráði SHA fögnuðum því ákvörðun Háskólans á Akureyri að ráða inn sálfræðing í teymi Náms- og starfsráðgjafa HA. Kannanir SHA sýndu fram á að stúdentum líður ekki nógu vel og er því vel við hæfi að vera með geðheilbrigðisúrræði fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri. Von mín er sú að sálfræðiaðstoð verði áfram til staðar og að hún verði eflid enn frekar, þörfin er raunveruleg.

Að lokum vil ég þakka öllum stúdentum við HA, Stúdentaráði SHA og framkvæmdastjórn SHA fyrir ógleymanlegt ár. Einnig vil ég hvetja alla stúdenta til að taka þátt í háskólasamfélaginu því það er einstakt og í þátttökunni er fólgin mikill ávinningur. Þú færð dýrmæta reynslu í bankann og líklegast það sem mikilvægast er, þann vinskapi sem myndast getur og þú færð ræktað um ókomna tíð.

*Akureyri, 25. febrúar 2021*

*Steinunn Alda Gunnarsdóttir*

*Formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2020-2021*

*Stúdentafélag Háskólans á Akureyri er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþróttá- og fjölskyldumála og stendur á bakvið aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess sem félagið vinnur náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta.*

## Skýrsla Stúdentaráðs

### Stúdentaráð

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn, formenn aðildarfélaganna og formenn fastanefndanna sem kosnir eru til eins árs í senn auk þess á fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA á sæti í stúdentaráði.

#### Stúdentaráð starfsárið 2020-2021:

**Steinunn Alda Gunnarsdóttir**, formaður

**Almar Knörr Hjaltason**, varaformaður

**Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir**, fjármálastjóri

**Reynir Freyr Hauksson**, formaður Data

**Sigríður Arna Lund**, formaður Eirar

**Bjartur Ari Hansson**, formaður Forseta

**Eva Matthildur Benediktsdóttir**, formaður Kumpána

**Sólveig Birna Elíasarbetardóttir**, formaður Magister

**Marianna Margeirsdóttir**, formaður Reka

**Særún Anna Brynjarsdóttir**, forseti Stafnbúa

**Nökkvi Alexander R. Jónsson**, formaður þemis og fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA

**Fríða Freydís Þrastardóttir**, formaður Alþjóðanefndar

**Agnes Ögmundsdóttir**, formaður Kynninganefndar

**Dagný Karlsdóttir**, formaður Viðburðanefndar

**Sigrún Sól Jónsdóttir**, fulltrúi fjarnema í stúdentaráði

**Eva María Matthíasdóttir**, formaður Gæðanefndar



## Pistill frá stúdentaráði

Fyrsta verkefni stúdentaráðs var að halda neyðarfund til þess að taka ákvörðun varðandi árshátíð SHA sem átti að fara fram þann 14.03.2020. Þessi fundur var afar mikilvægur þar sem Kórónuveirufaraldurinn var að byrja breiðast út hér á landi og ríkisstjórn var búin að gefa út takmarkanir sem áttu að taka í gildi mánudeginum eftir áætlaða árshátíð. Stúdentaráð ákvað því með öryggi stúdenta að leiðarljósi að fresta árshátíðinni þar til í maí og voru vonir um að þá væri ástandið betra. Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn var haldinn þann 13.4.2021 og alls voru sjö formlegir fundir á starfsárinu. Á þessu starfsári áttu 16 einstaklingar sæti í stúdentaráði en formaður Þemis situr einnig í Háskólaráði og því voru fulltrúar stúdentaráðs 17, líkt og lögin kveða á um. Breyting var gerð á starfsemi Forseta, félagi lögreglufræðinema þar sem ákvörðun var tekin með sameiningarfundi að Forseti yrði hluti af Kumpána.

Á fyrsta fundi var farið yfir starfsemi félagsins og línur lagðar fyrir komandi starfsár. Líkt og síðustu starfsár var einhljóma hugur um það að rauði þráðurinn í starfsemi stúdentaráðs ætti að vera hagsmunabarátta og hagsmunagæsla stúdenta. Allir fulltrúar stúdentaráðs hafa lagt sitt að mörkum þegar kemur að hagsmunamálum og staðið sína vakt vel og örugglega. Kórónuveirufaraldurinn hafði í för með sér margar áskoranir fyrir stúdentaráð þar sem skólanum var lokað á vormisseri 2020 og öll kennsla færð yfir á rafrænt form. Því var augljóst að stúdentaráð þyrfti að beita sér fyrir hagsmunum stúdenta á þessum formdæmalausum tímum.

Stúdentaráð senti frá sér tvær kannanir liðnu starfsári til þess að kortleggja líðan og aðstæður stúdenta. Í fyrri könnuninni leiddu niðurstöður í ljós 85,3% af stúdentum voru mjög sammála eða sammála því að upplifa kvíða á þessum tímum og 72,8% upplifðu depreuð vegna áhrifa COVID-19. Ásamt því voru 87,7% stúdenta mjög sammála eða sammála því að hafa upplifað meiri streitu og álag sem hafði áhrif á námsframvindu þeirra. Niðurstöður úr seinni könnun SHA voru sambærilegar. Stúdentaráð fór með þessar upplýsinga til skólastjórnenda til þess að gefa þeim innsýn inn í líðan og aðstæður stúdenta við HA. Stúdentaráð er afar ánægt með

samráð við skólastjórnendur þar sem hlustað og kröfum okkar mætt með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

Stúdentaráð hefur beitt sér fyrir bættu geðheilbrigðisúrræðum við HA og fögnum við ákvörðun Háskólans að ráða inn sálfræðing í teymi náms- og starfsráðgjafa við Háskólann á Akureyri. Í seinni könnun SHA um líðan og aðstæður stúdenta sem var lögð fram í október 2020 höfðu 4% stúdenta þegar nýtt sér úrræði sálfræðipjónustu HA en rúmlega 20% stúdenta sögðust hafa áhuga á því. Það er því ljóst að þjónustan er aðkallandi og það má gera ráð fyrir því að enn fleiri muni nýta sér hana þegar framboðið verður sýnilegra

Líkt og síðustu tvö starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) er varðar Lánasjóðsfulltrúa SHÍ sem þjónustar stúdenta HA samhliða öllum opinberu háskólum landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf. Á komandi starfsári þarf að kynna þessa þjónustu betur fyrir öllum stúdentum HA og gætu nýnemadar HA verið tilvaldir til þess.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Að auki höfum tekið virkan þátt í gerð yfirlýsinga LÍS og lagt okkur fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki en það er gríðarlega mikilvægt að við tökum pláss í umræðunni.

*Akureyri, 25. febrúar 2021*

*Steinunn Alda Gunnarsdóttir*

*Formaður Stúdentaráðs 2020-2021*

## Skýrsla Framkvæmdastjórnar



Almar Knörr Hjaltason, Steinunn Alda Gunnarsdóttir og Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir

### Starfsemi framkvæmdastjórnar

Undir stúdentaráði starfar framkvæmdastjórn félagsins. Hún samanstendur af formanni, varaformanni og fjármálastjóra SHA. Fjármál og daglegur rekstur félagsins er á höndum þessara þriggja aðila og skulu þeir meðal annars annast miðlun upplýsinga er varða starfsemi félagsins, hafa samskipti við yfirstjórn sem og utanaðkomandi aðila. Þeir geta ekki tekið ákvarðanir um skuldbindingar félagsins án þess að hafa samþykki meirihluta stúdentaráðs á bak við sig. Framkvæmdastjórnin sér um að halda skrifstofu SHA opinni fyrir stúdenta.

#### Framkvæmdastjórn starfsárið 2020-2021 skipa:

**Formaður:** Steinunn Alda Gunnarsdóttir

**Varaformaður:** Almar Knörr Hjaltason

**Fjármálastjóri:** Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir

## Pistill frá framkvæmdastjórn

Í upphafi settist ný framkvæmdarstjórn niður saman og hóf vinnu við að skipuleggja starfsárið. Framkvæmdarstjórnin sem var í ár hafði þónokkra reynslu af störfum innan SHA og höfðu Steinunn formaður og Almar varaformaður setið í stúdentaráði starfsárið sem leið sem formaður og forseti sinna aðildafélaga og Guðrún fjármálastjóri hafði verið fjármálastjóri Reka. Stuttu eftir að starfsárið hófst átti árshátíð SHA að fara fram þann 14. mars en þann 13. mars kom fram á covid upplýsingafundi stjórnvalda að mikið hertar sóttvarnarreglur tækju gildi þann 16. mars. Eftir þessar fréttir var kallað stúdentaráð og fráfarandi stúdentaráð saman og kosið var að fresta skildi árshátíð þar til í maí og vonir voru um að þá væri ástandið skárri og hægt væri að halda árshátíð þá en svo fór ekki. Þetta var lýsandi fyrir komandi starfsár en covid 19 átti eftir að hafi meiri áhrif en okkur hafði órað fyrir stjórnarskipti en þá veiran fjarlæggt vandamál sem enginn vissi mikið um. En þetta var ekki bara lýsandi fyrir þau neikvæðu áhrif sem veiran hafði á félagslíf skólans heldur einnig sýndi þetta hve fljót viðbrögð stúdentaráðs og annarra sem komu að félagslífinu. Við reyndum að mæta þessum breytingum með samvinnu og lausnamiðuðum hugmyndum, og gott dæmi um það voru nýnemadagarnir en það þurfti að færa þá yfir á rafrænt form á rúmri viku og heppnuðust vel

Þegar skólinn var færður alfarið yfir í rafræna kennslu breytust störf okkar í framkvæmdarstjórn og fengu hagsmunamál stúdenta alla okkar athygli og í kjölfarið var gerð könnunin „*Líðan og aðstæður stúdenta við Háskólann á Akureyri á tímum COVID-19*“. Þáttaka nemenda var afar góð en niðurstöður sýndu meðal annars fram á það þarf að hlúa betur að geðheilbrigði stúdenta. Í kjölfar niðurstaðna úr þessari könnun var ráðin sálfræðingur í hlutastarf í HA tímabundið.

Þegar voraði og covid smitum fór að fækka kom sú uppástunga að halda útilegu SHA. Útilegan fór fram helgina 26.-28. júní í Hegrnesi í Skagafirði og heppnaðist vel í alla staði og vonar framkvæmdarstjórn að þessi skemmtilegi viðburður verði að árlegri hefð.

Í ágúst mánuði hófst svo ný bylgja af covid smitum sem breytti svo aftur plönnum SHA en nýnemadagarnir þurftu að fara fram rafrænt og fresta þurfti vinnufundi SHA. Vinnufundur SHA var svo haldin í lok september mánaðar og heppnaðist vel. Vinnufundurinn fór fram í hátíðarsal

skólans ásamt aðliggjandi stofum til að passa upp á sóttvarnarreglur. Þetta nýja fyrirkomulag að halda fundinn seinna en áður hafði sína kosti og kannski einna helst það að nýnemafulltrúar gátu þá tekið þátt í vinnufundinum og fengu að kynna störfum SHA. Þau fengi því góða innsýn í hverju það felst að taka þátt í félagslífi og trúnaðarstörfum í HA. Áður hafa vinnustofur farið fram með þeim hætti að þátttakendur skrifa á miða og setja á stórt plagg en í ár var ákveðið að nota google Jamboard og gekk það með ágætum.

Félagslífið hefur verið frekar óhefðbundið og hafa rafrænir viðburðir verið helsta form viðburða og hefur SHA og aðildafélög verið með marga viðburði sem hafa verið afar fjölbreyttir. Einn umsvifamesti viðburður SHA var eflaust SHA bingóið sem fram fór á föstudeginu í nýnemavíkunni. Skrifstofu SHA var þá umturnað á skömmum tíma í stúdíó og var bingóinu streymt á Facebook síðu félagsins. Bingóinu var stjórnað af Steinunni formanni SHA og Nökkva formanni þemis og voru veglegir vinningar í boði hinna ýmsu fyrirtækja og meðal þeirra ber helst að nefna aðalvinningurinn sem Vodafone gaf. Bingóið gekk mjög vel í ljósi þess að ekkert okkar hafði reynslu af slíkri útsendingu fyrir þetta kvöld. Uppistönd, bingó og kahoot voru mest áberandi í rafrænukvöldum aðildafélaga einnig komu einhver félög saman í rafheimum og spiluðu leiki á borð among us sem hefur verið svo vinsæll á meðan samkomubönn hafa verið í gildi.

Eitt af fyrstu verkefnum framkvæmdastjórnar var að mæta á Landsþing LÍS sem fór að þessu sinni fram á Akureyri í byrjun mars. Yfirskrift þingsins var velferðarmál í nærumhverfi stúdenta og tóku þingfulltrúar SHA virkann þátt í þeirri umfjöllun sem fór að mestu leiti fram í vinnustofum. Niðurstöður úr þessum vinnustofum voru síðan notaðar til þess að móta stefnu LÍS í velferðarmálum. Fulltrúar SHA í fulltrúaráði LÍS þetta starfsár voru Almar Knörr og Steinunn Alda og varafulltrúa Sólveig Birna og Sveinn Andri. Fulltrúaráð LÍS fundaði rafrænt mánaðarlega og voru umræðuefnin aðallega tengd þeim áskorunum tengd Covid-19. Ásamt fulltrúaráðs fundum voru einnig samráðsfundir með menntamálaráðherra þar sem formaður SHA, Steinunn Alda mætti á, vel undirbúin með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi. Næsta Landsþing LÍS verður haldið 5.-7. mars og verður yfirskrift þess Menntun á umrótartímum.

Á haust misseri 2020 hófst vinna við það að forrita app fyrir SHA en Reynir Freyr Haukson, tölvunnarfræði nemi sá um forritun og uppsetningu þess. Almennur rekstur appsins er í höndum framkvæmdarstjórnar. Þörf á appinu var töluverð en vegna covid-19 hætti skólinn að gefa út stúdentakort og gátu því nemendur ekki notast við það til að nálgast afslætti eins og áður. Ákveðið var að þessi fyrsta útgáfa af appinu væri þar af leiðandi byggð fyrst og fremst í kringum það að nemendur gætu sýnt að þeir væru í SHA og einnig er hægt að skoða þá afslætti sem nemendum býðst í appinu. Áður var aðeins hægt að nálgast þær upplýsingar á heimsíðu félagsins. Eftir að appið kom í nóvember mánuði síðast liðnum höfum við getað lagað það sem hefur komið upp á en helsta vandamál sem kemur í veg fyrir að nemendur komast ekki í appið er þeir hafa ekki skráð sig í félagið. Það er von okkar í framkvæmdarstjórn að appið fái að vaxa og dafna og eru möguleikar á frekari þróunn þess gífurlegir.

Við í framkvæmdastjórn erum afar þakklát fyrir það góða samstarf sem við höfum átt við stjórnendur skólans. Við höfum átt reglulega samráðsfundi með rektor sem hafa skilað góðum árangri. Það sem stendur upp úr þessu starfsári er samstaðan og sveigjanleikinn sem einkennir skólann. Fráfarandi framkvæmdastjórn vill þakka stúdentaráði, starfsfólki og stúdentum HA fyrir ógleymanlegt starfsár og óskar nýrri framkvæmdastjórn og stúdentaráði velfarnaðar í starfi.

*Akureyri, 25. febrúar 2021*

*Steinunn Alda Gunnarsdóttir, formaður SHA 2020-2021*

*Almar Knörr Hjaltason, varaformaður SHA 2020-2021*

*Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir, fjármálastjóri SHA 2020-2021*



## Aðalfundur 2021

### Fundargerð

25. febrúar 2021 á ZOOM

**Fundaritari:** Almar Knörr Hjaltason, Sjávarútvegsfræðinemi

**Fundarstjóri:** Steinunn Alda Gunnarsdóttir, Sálfræðinemi

**Gestir fundarins:** 25 félagsmenn mættir

### 1. Fundur settur

Steinunn Alda Gunnarsdóttir, formaður félagsins setur fundinn klukkan 17:05 flytur ávarp formanns. Hún þakkar sérstaklega stúdentaráði og öllum þeim aðilum sem hafa lagt sig fram og veitt hjálparhönd á starfsárinu, fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Steinunn Alda Gunnarsdóttir, formaður félagsins tilnefnir sjálfa sig sem fundarstjóra fundarins, það er samþykkt. Steinunn Alda Gunnarsdóttir og tilnefnir Almar Knörr Hjaltason, varaformann SHA sem fundarritara fundarins, það er samþykkt.

### 3. Skýrsla framkvæmdastjórnar um störf félagsins á liðnu ári

Almar Knörr Hjaltason varaformaður SHA fer yfir ársskýrslu félagsins um störf framkvæmdastjórnar og stúdentaráðs á liðnu starfsári. Almar Knörr fer yfir helstu atriði er varðar hagsmunagæslu og hagsmunabaráttu stúdenta á starfsárinu, telur upp þá viðburði sem félagið hefur staðið fyrir og hrósar og þakkar stúdentaráði og fulltrúum SHA í nefndum og ráðum HA fyrir vel unnin störf. Skýrslu stúdentaráðs og framkvæmdastjórnar má lesa í heild sinni í Ársskýrslu SHA.

### 4. Skýrsla fjármálastjóra, ársreikningar bornir upp til samþykktar

Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir fjármálastjóri SHA fer yfir ársreikninga félagsins. Starfsárið gekk

vel og tekur ný framkvæmdastjórn við góðu búi. Hægt er að sjá ársreikning í ársskýrslu SHA. Að lokum þakkar hann fyrir samstarfið og óskar nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Í lokin er ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og er hann samþykktur.

## 5. Samþykktabreytingar

Steinunn Alda tekur við orðinu og fer yfir samþykktabreytubreytingatillögur félagsins. Aðeins ein samþykktabreytingatillaga var borinn upp og hún varðaði vinnufund SHA.

Breytingartillagan var samþykkt einróma.

Loks eru samþykktirnar bornar upp til samþykktar í heild sinni og eru þau samþykkt einróma.

## 6. Kosningar í framkvæmdastjórn SHA

Steinunn Alda Gunnarsdóttir, fundarstjóri fer yfir framkvæmd kosninga. Nökkvi Alexander Rounak Jónsson bauð sig ein fram í embætti formanns og telst því sjálfkjörin. Nökkvi þakkaði fyrir traustið og hlakkar til samstarfsins á komandi misserum.

Agnes Ögmundsdóttir bauð sig einn fram í embætti varaformanns og telst því sjálfkjörin.

Særún Anna Brynjarsdóttir bauð sig ein fram í embætti fjármálastjóra og telst því sjálfkjörin.

## 7. Kosningar í önnur embætti

Margrét Sól Jónasdóttir bauð sig ein fram í embætti formanns Alþjóðanefndar SHA og telst hún því sjálfkjörin.

Bjartur Ari Hansson og Sólrún Björg Þorgilsdóttir buðu sig fram í embætti Fjarnemafulltrúa SHA og kosið var rafrænt í embættið samkvæmt samþykktum SHA. Sólrún Björg Þorgilsdóttir sigraði kosninguna.

Ekkert framboð kom í formann Kynningarnefndar fyrir fundinn og verður það borið upp sðar.

## Ársskýrsla 2021

Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir bauð sig ein fram í embætti formanns viðburðarnefndar SHA og telst hún því sjálfkjörin.

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson bauð sig einn fram í stjórn FÉSTA til tveggja ára og telst hann því sjálfkjörin.

Sólveig Birna Elísabetardóttir bauð sig ein fram sem aðalfulltrúi í siðanefnd Háskólans á Akureyri og telst hún því sjálfkjörin.

Óskað er eftir einum varafulltrúa í Háskólaráð Háskólans á Akureyri til eins árs. Aðalheiður Kristjánsdóttir bauð sig ein fram og var hún samþykkt einróma.

Óskað er eftir aðalfulltrúa og einum fulltrúa til vara í Gæðaráð Háskólans á Akureyri, til tveggja ára. Ekkert framboð kom í aðalfulltrúa en Heiðís Fríða Agnarsdóttir bauð sig fram til varafulltrúa, samþykkt einróma.

Óskað er eftir framboði í embætti skoðunarmanns reikninga Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Engin framboð bárust og var ákveðið að SHA mun auglýsa stöðuna.

Óskað er eftir einum varafulltrúa í stjórn FÉSTA og Sigurjón Þórsson sig fram og er það samþykkt einróma.

Óskað er eftir framboðum í Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri. Óskað er eftir tveimur aðalfulltrúum og tveimur varafulltrúum. Guðný Helga Johnsen og Marta Gréta Magnúsdóttir bjóða sig fram sem aðalfulltrúar og Agnes Ögmundsdóttir og Særún Anna Brynjarsdóttir sem varafulltrúa. Samþykkt einróma.

Óskað er eftir framboði í varafulltrúa í siðanefnd Háskólans á Akureyri. Guðbjörg Aðalsteinsdóttir býður sig fram sem varafulltrúa og er það samþykkt einróma.

Óskað er eftir einum aðalfulltrúa og einum til vara í Vísindaráð Háskólans á Akureyri. Heiðís Fríða Agnarsdóttir býður sig fram sem aðalfulltrúa og Sigurjón Þórsson býður sig fram sem varafulltrúa. Samþykkt einróma.

Óskað er eftir tveimur aðalfulltrúum og tveimur til vara í Umhverfisráð Háskólans á Akureyri. Særún Anna Brynjarsdóttir býður sig fram sem aðalfulltrúa og Bjartur Ari Hansson og Agnes Ögmundsdóttir sem varafulltrúar. Samþykkt einróma. Auglýst verður eftir öðrum varafulltrúa síðar.

Óskað er eftir sex aðalfulltrúum og þrem til vara á háskólafund Háskólans á Akureyri til eins árs. Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, Agnes Ögmundsdóttir, Særún Anna Brynjarsdóttir, Aðalheiður Kristjánsdóttir, Heiðís Fríða Agnarsdóttir og Guðbjörg Aðalsteinsdóttir bjóða sig fram sem aðalfulltrúar og Guðný Helga Johnsen og Marta Gréta Magnúsdóttir sem varafulltrúar. Samþykkt einróma.

Óskað er eftir einum aðalfulltrúa og einum til vara í Kannanateymi Háskólans á Akureyri. Engin framboð bárust og var ákveðið að SHA mun auglýsa eftir stúdentum í stöðurnar.

## 8. Önnur mál

Enginn önnur mál voru á fundinum

*Fundi slitið: 17:58*

## Landssamtök íslenskra stúdenta

*Sameinuð rödd stúdenta*



### Hvað er LÍSA

Landssamtök íslenskra stúdenta, eða LÍSA voru stofnuð í Háskólanum á Akureyri þann 3. nóvember árið 2013. LÍSA eru samtök háskólanema á Íslandi sem og íslenskra háskólanema á erlendri grundu. LÍSA eru regnhlífarsamtök og standa að þeim átta aðildarfélag sem eru í forsvari fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Hólum, Háskóla Íslands og fyrir íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis. LÍSA eru því í forsvari fyrir rúmlega 20 þúsund íslenskra stúdenta. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlandis sem og hagsmuni íslenskra stúdenta á alþjóðavettvangi og um leið skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög. Samtökin skulu vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi stúdenta og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum

háskólum. Þau hafa umboð til samningagerðar, framkomu gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum fyrir hönd íslenskra stúdenta.

Í fulltrúaráði samtakanna sitja tveir fulltrúar frá hverju aðildarfélagi en á landsþingi tilnefnir hvert aðildarfélag einn fulltrúa til setu í tvö ár. Fulltrúaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan LÍS á milli landsþinga. Í framkvæmdastjórn sitja formaður, varaformaður, ritari, fjármálastjóri, alþjóðaforseti, gæðastjóri, markaðsstjóri og jafnréttisfulltrúi sem kosnir eru í embætti á landsþingi. Framkvæmdastjórn sækir umboð sitt til fulltrúaráðs. Almar Knörr Hjaltason og Steinunn Alda Gunnarsdóttir eru aðalfulltrúar í fulltrúaráði LÍS fyrir hönd SHA og Sveinn Andri Jóhannsson og Sólveig Birna Elísabetardóttir eru varamenn.

Landsþing LÍS fer með æðsta ákvörðunarvald samtakanna en það er haldið á hverju ári. Þar hittast öll aðildarfélög LÍS og kjósa um helstu málefni samtakanna. Einnig er unnin bæði innri og ytri stefnumótun í samstarfi við framkvæmdastjórn og nefndir LÍS.

### Verkefni LÍS

Samtökin halda utan um verkefni af ýmsum toga en helst mætti nefna skipulagningu ýmissa málþinga og viðburða tengdum málefnum stúdenta, þátttöku stúdenta í gæðaúttektum á námi í háskólum landsins, alþjóðastarf íslenskra stúdenta og skipun fulltrúa stúdenta í ýmsar nefndir. Í gegnum þessi verkefni gegna LÍS einnig mikilvægu hlutverki þar sem samtökin vinna að því að stúdentar njóti jafnréttis og að raddir allra hópa innan háskólasamfélagsins heyrist. Þá eru LÍS aðildarfélag að European Students' Union (ESU) sem eru regnhlífarsamtök fyrir landssamtök stúdenta í Evrópu. Þátttaka í starfi ESU krefst þess að fulltrúar sækji ráðstefnur og þing sem haldin eru í Evrópu. LÍS taka þátt í samstarfi NOM sem er bandalag landssamtaka stúdenta á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

### Stefnumótun

LÍS hefur lagt ríka áherslu á að samtökin séu byggð á sterkum stoðum og er stefnumótun lykilhlutverk í því ferli. Hingað til hafa samtökin nýtt landsþing LÍS sem vettvang til að heyra sem flestar raddir íslenskra stúdenta og fengið til liðs við sig fagfólk við frekari stefnumótun út frá því. Þema landsþings árið 2016 var nýsköpun og rannsóknir. Á landsþingi 2017 var þemað



gæðamál og var yfirskrift þingsins „Hvers virði er mín menntun? Efling stúdenta í gæðamálum“. Á landsþingi 2018 var þemað „Jafnrétti til náms“ og á starfsárinu, í kjölfar þingsins var unnið að jafnréttisstefnu samtakanna sem lögð var fyrir landsþing 2019 og samþykkt þar. Þema landsþingsins árið 2019 var „Sjálfbærni og háskólasamfélagið“. Þema landsþings 2020 var „Velferðarmál og nærumhverfi stúdenta“ en þingið var haldið helgina 6. til 8. mars á Akureyri. Næsta þing verður haldið á Bifröst og er yfirskrift þess „Menntun á umrótartímum“.

### Samstarfsvettvangur

Eitt af mikilvægustu hlutverkum LÍS er að skapa virkan samstarfsvettvang meðal aðildarfélaga sinna. Til þess að fullnægja því hlutverki skipuleggur LÍS viðburði og fundi með það að markmiði að samræma starf íslenskra hagsmunasamtaka. Þetta hlutverk er breytilegt eftir því hvað er í gangi í samfélaginu hverju sinni og stundar því LÍS stöðuga endurskoðun og aðlögun.

### Stuðningur við aðildarfélög

Í gegnum þann samráðs- og samskiptavettvang sem LÍS skapar fá aðildarfélögin tækifæri til að læra af og hjálpa hvoru öðru. Á landsþingi LÍS 2020 fékk SHA stuðningyfirlýsingu frá LÍS og aðildafélögum varðandi ákall SHA til stjórnvalda vegna fjármögnunnar Háskólans á Akureyri. HA hefur stækkað mikið frá því að fjárlög til háskóla á Íslandi voru fryst fyrir nokkrum árum þvert á þróun í öðrum skólum landsins. Aðgangstakmarkanir hafa verið nýttar til þess að geta tryggt gæði náms þrátt fyrir að fjármagn hafi ekki aukist í takt við fjölda nemenda. Vegna aðgangstakmarkana hefur HA lægsta samþykktarhlutafall allra háskóla landsins.

### Það helsta á árinu

Helstu áskoranir stúdenta voru tengd Covid og tók allt því tengt mikið pláss á starfsárinu. Stjórn LÍS og einhverjir fulltrúar skólana sátu vikulega samráðs fundi með mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en efst á baugi þar voru sóttvarnarreglur og áhrif þeirra á háskólastarf en covid hafði misjöfn áhrif skólahald og því var mikilvægt að allar raddir heyrðust. Einnig sem covid hefur haft áhrif á skólahald hefur það einnig haft áhrif á atvinnumöguleika stúdenta á sumrin. Sumarið 2020 komu stjórnvöld ýmis úrræði til að minnka vandan og hófst LÍS snemma við að berjast fyrir slíkum úrræðum fyrir sumarið 2021.

LÍS framkvæmdi um atvinnumál stúdenta vor/sumar 2020 og var þáttaka tæplega 2500 stúdentar. Könnunin var framkvæmd í lok maí 2020. Þegar kom að hausti varð að fara í aðra könnun en til að fjármagna hana var farið í samstarf með mennta- og menningarmálaráðuneytinu og var því spurningalistinn víðtækari en könnunin sem hafði verið framkvæmd á vorinu.

### Verkefni SHA vegna LÍS

Á starfsárinu var lögð áhersla á virka og öfluga þátttöku SHA í LÍS. Fulltrúar okkar hafa því sótt reglulega fulltrúaráðsfundi á vegum samtakanna, mætt á þá undirbúnir og tekið virkan og góðan þátt í starfi á fundum og Steinunn tekið virkan þátt í samráðsfundum með mennta- og menningarráðuneytinu.

## Skýrslur fastanefnda SHA

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri starfræktar fastanefndir. Þær starfa eftir verklagsreglum, samþykktum af stúdentaráði SHA og eiga formenn fastanefnda sæti í stúdentaráði.

## Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd er tengiliður við erlenda nemendur við Háskólann á Akureyri og vinnur náið með verkefnastjóra alþjóðasviðs háskólans, Rúnari Gunnarssyni. Í alþjóðanefnd sitja formaður sem kosinn er á aðalfundi SHA til eins árs í senn ásamt fulltrúum úr hverju undirfélagi, einn fulltrúi úr hverju félagi, sem kosnir eru á aðalfundum félaganna til eins árs í senn. Alþjóðanefnd starfar eftir verklagsreglum sem settar eru af stúdentaráði ár hvert.

### Alþjóðanefnd 2020-2021

Fríða Freydís Þrastardóttir, formaður

Sæunn Valdís Kristinsdóttir, fulltrúi Kumpána

Nökkvi Jónsson, fulltrúi Þemis

Margrét Sól Jónasdóttir, fulltrúi Reka

Heiðís Fríða Agnarsdóttir, fulltrúi Stafnbúa

Gísli Ragnarsson, fulltrúi Magister

### Pistill frá Alþjóðanefnd

Því miður var starfsárið öðruvísi en áætlað var. Ekki var hægt að halda eins marga viðburði og nefndin hefði viljað.

Þann 15. september var haldinn hittingur á Grillstofunni og var góð mæting. Þetta var góð leið fyrir hópinn til að kynnst.

Í febrúar var haldinn ratleikur, þeim var skipt niður í lið og áttu að finna ákveðna staði og taka mynd af sér þar. Eftir ratleikinn var farið á Götubarinn þar sem hópurinn kom saman og náðu þau að spjalla saman og kynnst betur. Eftir tveggja tíma samveru á Götubarnum var

svo haldið heim þar sem Reki og Kumpáni voru með skipulagða tónleika á zoom og nemendur kvattir til að mæta og hafa gaman.

Fráfarandi nefnd er ánægð með starfsárið þrátt fyrir öðruvísi ár. Auðvitað hefði margt betur farið en það var reynt að gera gott úr aðstæðunum. Báðir hittingar starfsársins heppnuðust mjög vel, það var góð mæting og voru bæði skiptinemar og nefndarmeðlimir ánægðir með bæði kvöldin. Vonandi getur næsta nefnd gert meira fyrir skiptinemana á komandi starfsári.

*Akureyri, 18. febrúar 2021  
Fríða Freydís Þrastardóttir  
Formaður Alþjóðanefndar 2020-2021*

## Kynninganefnd

Kynninganefnd SHA tekur þátt í því að kynna háskólann og þær námsleiðir sem háskólinn býður upp á. Kynningarnefndin starfar náið með Markaðs- og kynningarsviði háskólans. Í nefndinni sitja níu aðilar, formaður, sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi SHA. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur.

### Kynninganefnd 2020-2021

Agnes Ögmundsdóttir, formaður  
Jevgenija Zlotnikova, fulltrúi Data  
Sylvía Sif Halldórsdóttir, fulltrúi Eirar  
Natalia Olender, fulltrúi Kumpána  
Gunnur Vignisdóttir, fulltrúi Magister  
Sóley Úlfarsdóttir, fulltrúi Reka  
Bylgja Hálfðanardóttir, fulltrúi Stafnbúa  
Nökkvi Jónsson, fulltrúi Þemis

Aldrei náðist að manna í stöðu Forseta.

### Pistill frá formanni Kynninganefndar

Venjan er að halda tvo aðal viðburði yfir árið sem nefndin tekur þátt í að skipuleggja ásamt markaðs- og kynningarsviði skólans en það eru *Opnir dagar* og *Stóri háskóldagurinn*. Vegna aðstæðna í samfélaginu þá fóru Opnu dagarnir ekki fram en áætlunin er að halda Stóra háskóladaginn 27. febrúar rafrænt. Þá ætla nemendur HA að kynna skólann fyrir framhaldsskólanemum.

Á árinu var farið af stað með nýtt verkefni en það heitir *HA vinur*. Hugmyndin var að kynna háskólann og námsleiðir fyrir fólk sem hugar að námi við HA. Þá skráir aðilinn sig sem HA vinur og segir hvaða námsleið hann/hún vill vita meira um og stúdent við háskólann á þeirri

námsleið aðstoðar eftir bestu getu. Boðið var upp á bæði einstaklings- og hópabónustu en einstaklingar sem hafa skráð sig nú þegar eru fimm. Þá eru fimm hópkyrningar einnig búnar að fara fram en ég, Nökkvi Jónsson, Sigurður Már Steinþórsson, Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir og Bjartur Ari Hansson sáum um þær ásamt Katrínu og Sólveigu, sem starfa hjá markaðs- og kynningarsviði HA. Þetta verkefni er hugsað sem framtíðarlausn að kynningu skólans en við höfum fengið góðar undirtektir.

Formaður kynningarnefndar vann náið með vefstjóra skólans í þróun efnis samfélagsmiðla. Ákvörðun var tekin um að byrja aftur með vikulega liðinn *hvað er í matinn hjá HA-ingum?* Einnig voru tveir nýjir liðir byrjaðir, *lærdómsaðstaða HA-inga og fundum ástina í HA*. Vonast er til að stækka þann stökkpall sem unnið hefur verið að á samfélagsmiðlum, á Facebook og Instagram.

Þetta ár hefur verið skemmtilegt, krefjandi og mjög lærdómsríkt. Það hefur einnig einkennst af breytingum vegna Covid-19 en þrátt fyrir það náði teymið að aðlaga sig vel. Ég hlakka til að fylgjast með starfinu í framtíðinni.

*Akureyri, 14. febrúar 2021  
Agnes Ögmundsdóttir  
Formaður kynningarnefndar 2020-2021*



## Viðburðanefnd

Viðburðanefnd Háskólans á Akureyri sér um utanhald og framkvæmd viðburða fyrir hönd stúdentafélags háskólans. Viðburðanefnd starfar náið með framkvæmdastjórn SHA, og fær þaðan leiðsögn og álit varðandi viðburði. Að vana sitja 9 nemendur í Viðburðanefnd, formaður nefndarinnar sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur. Þetta árið tókst ekki að manna í allar stöður og voru því aðeins 7 aðilar í nefndinni. Á fyrri árum hefur vaninn verið sá að Viðburðanefndin haldi 3 stóra viðburði: Sprellmótið sem haldið er í september, Stóru-Vísó í janúar/febrúar og Árshátíð HA í mars.

### Viðburðanefnd 2020-2021

Dagný Karlsdóttir, formaður

Alda Hólm Jóhannsdóttir, fulltrúi Forseta

Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, fulltrúi Magister

Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir, fulltrúi Þemis

Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir, fulltrúi Eir

Karítas Birna Eypórsdóttir, fulltrúi Kumpána

Margrét Sól Jónasdóttir, fulltrúi Reka

### Pistill frá formanni Viðburðanefndar

Þetta ár hefur verið líkt og ekkert annað, fordæmalausir tímar. Enginn hefði getað spáð fyrir því að reglugerðum samkvæmt fengju nemendur háskólans ekki að hittast og að viðburðir yrðu því með öðrum hætti. Covid-19 veiran setti aldeilis svip á skólaárið sem var að líða. Veiran reisti fyrst upp sitt ljóta höfuð í febrúar 2020, sem varð til þess að Árshátíð HA var „slaufað“ af með eins dags fyrirvara til þess að gæta að sóttvörnum og heilsu nemenda. Nemendum var meinaður aðgangur að háskólanum og kennsla fór fram í gegnum Zoom. Lokaprófin fóru fram

með rafrænum hætti og fólk hvatt til þess að halda sig heima. Það má því segja að starfsár Viðburðanefndarinnar hafi ekki farið vel af stað.

Með hækkandi sól fækkaði smitum á landinu og fórum við að sjá fram á nokkuð eðlilegt sumar og þar af leiðandi, eðlilegt skólaár. Okkur skjátaðist aldeilis. En á meðan allt lék í lyndi sumarið 2020 ákváðum við í Viðburðanefnd, ásamt framkvæmdastjórn, að halda viðburð fyrir nemendur HA. Fjöldatakmörkunum hafði verið lyft töluvert og var því tilvalið að halda útilegu. Til þess að gera nemendur spennta fyrir útilegunni héldum við Instagram gjafaleik þann 18. júní, þar sem nemendur gátu unnið kælibox, áfengi og tjaldstól.

Útilegan fór fram helgina 26.-28. júní á Hegrnesi í Skagafirði og var hún sótt af 55 nemendum. SHA leigði tjaldsvæðið þá helgi og vorum við því einu gestir svæðisins. Það gerði okkur kleift að gæta að sóttvörnum og fjöldatakmörkunum, sem og, vera með eins mikinn ærslaskap og við vildum. Nemendum var frjálst að mæta á föstudegi þó dagskrá útilegunnar hæfist ekki fyrr en á laugardegi. Á laugardeginum var farið í sund á Hofsós, spilað leiki á borð við sparkó og flonkí og svo var grillað hamburgara. Þegar leið á kvöldið spilaði trúbadorinn Einar Höllu á gítar og söng, við miklar undirtektir frá nemendum. Á sunnudeginum fékk formaður Viðburðanefndar lögregluna á Sauðárkróki til þess að líta við og sjá til þess að nemendur myndu aka heim allsgáðir.

Þegar vetrar misseri Háskólans á Akureyri hófst hafði Covid smitum aftur farið hækkandi í samfélaginu og var kennsla því rafræn og viðburðum frestað. Viðburðanefnd sat þó ekki aðgerðalaus heldur reyndi nefndin að finna viðburði sem myndu henta í Covid-ríku samfélagi. Formaður hvatti aðilafélög að halda Zoom viðburði fyrir sína félagsmenn. Það myndi eflaust henta betur, vera árangursríkara og persónulegra heldur en stór Zoom viðburður af hendi Viðburðarnefndar.

Þann 3. október héldum við gjafaleik á Instagram þar sem tveir nemendur unnu rútu af Collab af eigin vali. 100 nemendur tóku þátt í leiknum.

Gælt var við þá hugmynd að leigja bíosal og halda „Bíó-kvöld“ fyrir nemendur þar sem boðið væri upp á veitingar og kvikmynd með hrekkjavöku þema. Nefndin var komin með tilboð frá kvikmyndahúsum Akureyrar og viðburðurinn var við það að fara á laggirnar þegar þyngri fjöldatakmarkanir skullu á og varð því að hætta við. Bílabíó var því skoðað þar sem nemendur

gætu setið í eigin bifreið og horft á kvikmynd utandyra. Eftir að hafa fengið tilboð frá helstu fyrirtækjum sem buðu upp á þá þjónustu, varð ljóst að viðburðurinn yrði of kostnaðarsamur og umfangsmikill.

Viðburðanefnd hafði samband uppistandshópin VHS, sem varð til þess að rafrænt uppistand fór fram fyrir nemendur HA þann 29. október í gegn um Youtube Live. Rúmlega 70 nemendur horfðu á uppistandið en vegna þess að viðburðurinn var rafrænn vantaði töluvert upp á stemningu og viðbrögð frá nemendum.

Þegar ljóst var að Stóra-Vísó myndi ekki fara fram í lok janúar var ákveðið að halda rafrænt bingó fyrir nemendur. Viðburðanefnd fór því í meiriháttar bingóvinninga-öflun og söfnuðust yfir 50 frábærir vinningar frá fyrirtækjum um land allt. Rikki G var ráðinn sem bingóstjóri og viðburðurinn fór fram þann 29. janúar í gegnum Zoom og netbingo.is. Bingóið var virkilega vel sótt enda ríflegir vinningar og engu að tapa. 105 nemendur tóku þátt og spilaðir voru 14 bingó leikir.

Að sjálfsgöðu hefðum við viljað gera meira úr skólaárinu en þar sem Covid herjaði á landið var lítið sem ekkert hægt að gera í því. Við skulum því líta bjartsýn á komandi skólaár og vona að það verði viðburðaríkara.

*Akureyri, 9. febrúar 2021*

*Dagný Karlsdóttir*

*Formaður Viðburðanefndar 2020-2021*

## Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri



Í Háskólanum á Akureyri eru starfandi hinar ýmsu nefndir og ráð. Stúdentar eiga sæti í þeim flestum og leggur háskólinn upp úr virkri þátttöku stúdenta. Stúdentum gefst tækifæri á að eiga raunverulega rödd innan veggja háskólans þegar kemur að ákvarðanatöku varðandi hin ýmsu mál. Það er því mikilvægt að stúdentar séu virkir í nefndum og ráðum háskólans en það er ekki sjálfsagt að rödd stúdenta sé metin með þeim hætti. Á starfsárinu hefur framkvæmdastjórn SHA lagt upp úr virkri þátttöku fulltrúa sinna í nefndum og ráðum skólans. Mæting, þátttaka og virkni þeirra á fundi skiptir gríðarlega miklu máli fyrir stúdenta háskólans og eiga fulltrúar nemenda að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í sínum störfum. Mikilvægt er að haldinn sé vinnufundur í upphafi starfsárs í samráði við Gæðastjóra HA, þar sem fulltrúar fá kynningu frá nefndum og ráðum háskólans og geti þannig sett sig inn í þau verkefni og störf sem fram undan eru.

## Háskólaráð

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri starfsárið 2020-2021 eru Nökkvi Alexander Rounak Jónsson aðalfulltrúi og Sveinn Andri Jóhannsson varafulltrúi. Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans og sinnir yfirumsjón almennra málefna háskólans og markar honum heildarstefnu. Háskólaráð sinnir almennu eftirliti með starfsemi háskólans í heild, einstakra skóla og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að Háskólinn á Akureyri starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Í brennidepli háskólaráðs er ávallt lögð áhersla á gagnvirka samvinnu milli fræðasviða, stefnumótun háskólans í einstökum málefnum og samskipti við aðra háskóla, rannsóknarstofnanir og atvinnulífið.

### Háskólaráð 2020-2021

Eyjólfur Guðmundsson rektor háskólans, formaður.

Dagmar Ýr Stefánsdóttir yfirmaður samskipta- og samfélagsmála hjá Alcoa, fulltrúi menntamálaráðherra.

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Sigríður Inga Karlsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson stúdent, fulltrúi stúdenta.

Katrín Björg Ríkharðsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, fulltrúi háskólaráðs.

Kristján Þór Magnússon bæjarstjóri Norðurþings, fulltrúi háskólaráðs.

### Til vara

Jón Helgi Pétursson aðstoðarforstjóri, fulltrúi menntamálaráðherra.

Rúnar Gunnarsson verkefnastjóri, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Sif Jónsdóttir verkefnastjóri, fulltrúi háskólasamfélagsins.

Sveinn Andri Jóhannsson stúdent, fulltrúi stúdenta.

Bjarni Jónasson forstjóri SAK, fulltrúi háskólaráðs.

## Pistill frá fulltrúa stúdenta í háskólaráði

Háskólaráð starfar eftir lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, setur skólanum reglur og hefur eftirlit með þeim reglum. Stúdentar eiga eitt sæti í háskólaráði sakvæmt lögum um opinbera háskóla sem reiknast út frá fjölda nemenda hvers háskóla. Það er því gríðarlega mikilvægt að fulltrúi stúdenta í háskólaráði sinni starfi sínu af samviskusemi, dugnaði og kjarki. Rödd og afstaða stúdenta er gríðarlega mikilvæg á fundum yfirstjórnar háskólans þar sem hagsmunir stúdenta eru oftast en ekki til umræðu. Sérstaklega er það mikilvægt þegar fjallað er um hugsanlegar aðgangstakmarkanir í háskólann, fækkun námsbrauta eða jafnvel fjölgun námsleiða.

Háskólaráð fundar reglulega, einu sinni í mánuði og eru þau málefni sem tekin eru fyrir á hverjum fundi afar fjölbreytt. Þá eru gjarnan mjög skemmtileg og áhugaverð mál á dagskrá. Þar sem fulltrúi stúdenta talar fyrir heildina og er rödd allra stúdenta háskólans er mikilvægt að hann sé í lifandi og virkum tengslum við fulltrúa stúdenta á deildar-, deildarráðs- og sviðsfundum en alla jafna eru þeir fulltrúar formenn aðildarféлага SHA og sitja í stúdentaráði. Það hefur því mikla þýðingu að sú lagabreyting hafi verið samþykkt á aðalfundi SHA árið 2019 að fulltrúi stúdenta í háskólaráði eigi sæti í stúdentaráði því þannig er hægt að tryggja upplýsingaflæði, bæði til háskólaráðs og frá háskólaráði.

Eftir að ég tók við stöðu fulltrúa stúdenta í háskólaráði hef ég lagt áherslu á að vera samviskusamur og gagnsær í allri ákvarðanatöku. Ég hef mætt á alla fundi háskólaráðs og mun halda áfram á sömu braut næstkomandi starfsár. Fyrir komandi fulltrúa stúdentaráðs er afar mikilvægt að vera vel undirbúinn fyrir þessa fundi, lesa öll fundargögn og kynna sér málefni sem eiga sér stað hverju sinni í samfélaginu en oft á tíðum koma upp mál sem ekki liggja fyrir fundum. Ég hef nýtt mér samvinnu við fráfaramandi framkvæmdastjórn í hvívetna og er ósmeykur við að leita aðstoðar ef þess er þörf.

Þátttaka mín í háskólaráði byrjaði undarlega en Covid-19 hafði þau áhrif að fundir sem áður voru haldnir í fundarherberginu á Borgum voru rafrænir. Aldrei hafði ég gert mér grein fyrir

## Ársskýrsla 2021

Því að ég þyrfti að fara með jafn stór málefni og áttu sér stað í vetur. Covid-19 gerði það að verkum að unnin var viðamikil rannsókn þar sem vellíðan stúdenta var tekinn fyrir og notuð sem rök fyrir auðveldara aðgengi að próftöku og verkefnaskilum. Það kom nokkrum háskólaráðsfulltrúum á óvart hversu slæm vellíðan stúdenta var á meðan fyrsta bylgjan af Covid-19 gekk yfir. Nemendur voru haldnir kvíða og margir höfðu misst vinnuna. Það sem stóð hæst upp úr var kvíði yfir námsmati og próftöku. Ég og framkvæmdastjórn SHA börðumst fyrir því að lokapróf skyldu vera rafræn, að nemendur þyrftu ekki að mæta á prófstað og gætu því þreytt prófin í heimahúsum. Námsmatið skyldi vera sveigjanlegt og boðið var upp á svokallaða staðið/fall leið. Háskólaráð hlustaði og sýndi stöðu stúdenta skilning og samþykkti tillögur stúdentaráðs.

Sumarið 2020 byrjaði með stæl. Ríkistjórn hvatti háskóla á Íslandi til að taka við öllum stúdentum sem sóttu um inngöngu. En eins og áður þá hefur nemendafjöldi og fjármögnun Háskólans á Akureyri verið mikið til umræðu á háskólaráðsfundum. Háskólinn stækkar frá ári til árs og er fjöldi nemendaígilda hins opinbera ekki í takt við auknar vinsældir háskólans. Því hefur háskólaráð oft þurft að grípa til hertra aðgerða um aðgengi að háskólanum, bæði til þess að halda háskólanum gangandi og fyrst of fremst til þess að tryggja gæði náms- og kennslu. Því kom þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar svolítið á óvart og eftir fjölmarga fundi í sumar við menntamálaráðuneytið og forsætisráðherra var loks fjármagn tryggt til þess að opna á nám við Háskólann á Akureyri fyrir alla þá sem sóttust eftir inngöngu. Ég tel þó að næsta sumar verði enn erfiðara því þrátt fyrir þetta aukafjármagn er alveg óljóst hvað framtíðin ber í skauti sér og hvort menntamálaráðuneytið sjái sóma sinn í því að auka við fjárframlög til Háskólans á Akureyri. Það verður því afar eftirsóknarvert og spennandi að takast á við þau verkefni Háskólans á Akureyri til framtíðar og mun ég ávallt berjast fyrir hagsmunum stúdenta.

Ég hvet alla áhugasama stúdenta til þess að lesa fundargerðir háskólaráðs sem allar eru aðgengilegar á ytri vef Háskólans á Akureyri.



*Akureyri, 24. febrúar 2021*

*Nökkvi Alexander Rounak Jónsson  
fulltrúi stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri.*

## Gæðaráð

Við Háskólann á Akureyri starfar gæðaráð en þar eiga sæti Gæðastjóri sem er í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður kennslumiðstöðvar, forstöðumaður nemendaskrár, tveir fulltrúar stúdenta og tveir fulltrúar starfsmanna. Gæðaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hlutverk gæðaráðs er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Gæðaráð skal jafnframt vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans og vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál hans. Ráðið skal stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati, sem og að samþykkingu, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum. Gæðaráð skal vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans og safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum hverskonar. Ráðið skal taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans sem og að fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni með því. Á aðalfundi SHA 2020 voru kosin í gæðaráð HA sem fulltrúar stúdenta Eva María Matthíasdóttir aðalfulltrúi til tveggja ára.

### Gæðaráð veturinn 2020-2021 skipa:

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, formaður gæðaráðs

Eva María Matthíasdóttir, fulltrúi stúdenta

Daníel Gunnarsson, fulltrúi stúdenta

Stefán Jóhannsson, fulltrúi háskólaskrifstofu

Kjartan Ólafsson, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Bergljót Borg, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Kristinn P. Magnússon, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Auðbjörg Björnsdóttir, fulltrúi háskólaskrifstofu

Guðlaug Þóra Stefánsdóttir, verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála, ritari gæðaráðs

## Siðanefnd

Hlutverk siðanefndar Háskólans á Akureyri er að skera úr um hvort að siðareglur skólans hafi verið brotnar, sé ágreiningur þar um. Siðanefnd er skipuð samkvæmt reglum nr. 546/2009 um breytingar á reglum HA nr. 757/2006 um viðurlög við ritstuld. Nefndin starfar eftir þeim reglum auk siðareglum Háskólans á Akureyri og fjallar m.a. um kærur vegna meints ritstulds. Nefndin tekur ekki upp mál að eigin frumkvæði en aðilar, bæði innan og utan skólans geta beint erindum til nefndarinnar. Þegar upp kemur mál til siðanefndar er boðað til fundar með skömmum fyrirvara þar sem í lang flestum tilfellum er þörf á að vinna hratt og örugglega að málsmeðferð. Á fundi skiptir rödd stúdenta miklu máli og þá sérstaklega þegar málið tengist nemandi, ávallt er hlustað og tekið mark á fulltrúa stúdenta og hans seta er jafn mikilvæg og önnur seta í siðanefnd.

### Rektor skipaði þrjá fulltrúa í siðanefnd, einn af hverju sviði veturinn 2020-2021:

Þorbjörg Jónsdóttir lektor, tilnefnd af heilbrigðisvísindasviði, formaður siðanefnar.

Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, tilnefnd af hug- og félagsvísindasviði til haust 2020.

Ingibjörg Ingvarsdóttir aðjúkt, tilnefn af hug- og félagsvísindasviði tók við af Hermínu.

Vífill Karlsson dósent, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindasviði.

Starfsmaður og einnig ritari siðanefndar var Bryndís Ásta Böðvarsdóttir verkefnastjóri prófa og námsmats en Berglind Ósk Guðmundsdóttir lögfræðingur á rektorsskrifstofu tók við af henni 1. okt. 2020.

*Sólveig Birna Elísabetardóttir,  
nemi við kennaradeild var fulltrúi stúdenta.*

## Jafnréttisráð

Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri hefur frumkvæði og eftirlit með áætlun háskólans um jafna stöðu kynjanna sé framfylgt, í samráði við framkvæmdastjórn. Starfsmaður jafnréttisráðs er Arnar Þór Jóhannesson, sérfræðingur hjá RHA.

### Aðalfulltrúar

Sólveig Elín Þórhallsdóttir verkefnastjóri á hug- og félagsvísindasviði, formaður

Árný Þóra Ármanns námsráðgjafi, tilnefnd af Háskólaskrifstofu

Sigríður Sía Jónsdóttir lektor, tilnefnd af heilbrigðisvísindasviði

Finnur Friðriksson dósent, tilnefndur af hug- og félagsvísindasviði

Stefán Sigurðsson lektor, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindasviði

Bjartur Ari Hansson stúdent, fulltrúi stúdenta

Nökkvi Alexander Rounak Jóhannesson stúdent, fulltrúi stúdenta

### Til vara:

Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi, varafulltrúi háskólaskrifstofu/skrifstofu rektors

Finnbogi Rútur Þormóðsson lektor, varafulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Júlí Ósk Antonsdóttir aðjúnkt, varafulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir aðjúnkt, varafulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Almar Knörr Hjaltason stúdent, varafulltrúi stúdenta

### Pistill frá fulltrúum stúdenta í Jafnréttisráði

Fulltrúar stúdenta í jafnréttisráði unnu að því, ásamt jafnréttisráði að gera jafnréttisáætlun Háskólans á Akureyri. Þar var fraið yfir ýmsa hluti sem mátti uppfæra í eldri útgáfu. Ráðið fundaði mánaðarlega á þessu starfsári í gegnum Zoom vegna Covid-19 og veru fundir misvel sóttir. Jafnréttisfulltrúar stúdenta funduðu einnig me fulltrúum annara háskóla í

## Ársskýrsla 2021

Jafnréttisráði LÍS reglulega yfir starfsárið og þar fór meðal annars fram skipulagning á jafnréttisdögum.

Á Jafnréttisdögum ákvað LÍS og Flóra Magasín að setja upp samvinnuverkefni í tilefni jafnréttisdaga. Var viðfangsefnið að skrifa greinar um jafnrétti í háskólum. Jonathan Wood og Nökkvi A.R. Jónsson ákváðu að skrifa grein fyrir hönd Háskólans á Akureyri. Greinin tengdist viðfangsefninu með þeim hætti að fjallað var um hvort ríkið væri nokkuð að mismuna skólanum á borði fjárframlaga, vegna staðsetningu skólans sem og annara háskólastofnanna sem væru á landsbyggðinni. Þar sem það er vel þekkt að HA hefur í gegnum tíðina þurft að hafna umsóknum hæfra umsækjenda á grundvelli þess að það vanti fjármagn. Ekki var komist að niðurstöðu sem hægt var að skrifa í stein en markmið greinarinnar var að opna augum almennings á rísandi háskólastofnun á landsbyggðinni.

Lærdómsríkir og skemmtilegir viðburðir voru í boði þetta árið, sem fór allt fram í gegnum fjárfundaforrit vegna stöðunnar í samfélaginu, Covid-19.

Jafnréttisdagarnir fóru fram 1. til 5. febrúar 2021 og var áhersla lögð á þau tækifæri sem skapast með því að setja hugmyndir um normið (hið eðlilega) undir smásjána. Þar var leitast við að búa til opna umræðu og auka skilning á jafnrétti, sem og að auka sýnileika jafnréttismála.

Dagskráin á Jafnréttisdögum var fjölbreytt og þétt. Voru dagarnir mjög vel sóttir þrátt fyrir að hinar árlegu jafnréttisvöflur voru hvergi sjáanlegar.

Á jafnréttisdögum fengu svo Jafnréttisfulltrúar SHA að spreyta sig, þeir skipulögðu og bjuggu til Kahoot spurningaleik á svokölluðu „Game night“ sem var haldið á mánudeginum 1. febrúar fyrir LÍS. Gekk það eins og í sögu og var gaman að sjá stúdenta úr mörgum skólum sækja kvöldið og er vert að minnast á hversu vel mætt var af stúdentum HA, Jafnréttisfulltrúar SHA fögnuðu því vel og innilega.

Á síðasta fundi jafnréttisráðs þann 18. febrúar 2021 var unnið að því að uppfæra jafnréttisáætlun HA í samræmi við gildandi lög og reglur íslenska lýðveldisins.

*Akureyri, 24. febrúar 2021*  
*Bjartur Ari Hansson*  
*Nökkvi Alexander Rounak Jónsson*  
*Fulltrúar stúdenta í Jafnréttisráði*



## Umhverfisráð

### Umhverfisráð veturinn 2020-2021 skipa:

Yvonne Höller, Formaður

Giorgio Baruchello, Prófessor

Kjartan Ólafsson, Lektor

Gunnar Rúnar Gunnarsson, Forstöðumaður fasteigna

H. Júlía Júlíusdóttir, Stúdent

Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir, Stúdent

Kamil Brahmi, Skiptinemi

### Starfsemi Umhverfisráðs veturinn 2020-2021

Ný umhverfis- og samgöngustefna HA 2018-2022 var samþykkt í nóvember 2017 og hefur verið unnið samkvæmt henni og skipunarbréfi umhverfisráðs. Stór þáttur í starfi umhverfisráðs HA hefur verið að vinna í markmiðssetningu og eftirfylgni vegna Grænfánaverkefnis Landverndar en HA er eini háskóli landsins sem er með slíka viðurkenningu. Haustið 2019 komu fulltrúar frá Landvernd í úttekt og í kjölfarið fékk skólinn grænfánann í þriðja sinn við hátíðlega athöfn 29. Október 2019.

Yvonne Höller tók við keflinu af Hjalta Jóhannessyni sem formaður Umhverfisráðs HA. Áhugi hennar á umhverfismálum er gríðarlegur og býr hún yfir miklum drifkrafti og dugnaði sem skilar sér í verkefnum ráðsins. Stúdentar í umhverfisráði telja mikinn heiður að fá að vinna með henni. Með Yvonne í fararbroddi hefur ráðið komið ýmsu í verk, en ráðið samanstendur af öflugum og samheldnum hópi sem saman hefur komið ýmsu í verk þrátt fyrir allskonar áskoranir.

Mikil og skemmtileg dagskrá var í september en þá stóð yfir *Plastlaus september*.

Umhverfisráð stóð fyrir tveimur fyrirlesturum. Þann fyrri hélt Helgi Pálsson, rekstrarstjóri

Terra (áður Gámaþjónustan) á Norðurlandi. Hann sagði okkur frá flokkun sorps og öllu því ferli sem því fylgir. Síðari fyrirlesturinn hélt Ásta Margrét Ásmundsdóttir, efnafræðingur og aðjúnkt við Háskólann á Akureyri, um örplastmengun í hafinu.

Í tilefni af *Plastlausum september* voru haldnar tvær keppnir, þ.á.m. Instagram áskorun þar sem þátttakendur gátu týnt upp rusl sem var á þeirra vegi á leið í vinnuna eða skólann, tekið af því mynd og póstað á Instagram. Sá sem var með áhugaverðasta ruslið fékk síðan verðlaun í umhverfisvænum búningi. Einnig var keppni um að koma með hugmyndir á leiðum eða hlutum sem draga úr plastnotkun og fékk sigurvegarinn sömuleiðis vistvæn verðlaun. Verðlaunin voru allt gjafir frá umhverfisvænum fyrirtækjum. Stúdentar í umhverfisráði sáu um að hafa samband við fyrirtæki og athuga hvort áhugi væri að gefa vinning í slíkt verkefni sem vel var tekið í.

Þann 18. september var svokallaður plokkgdagur á lóð HA, þar sem starfsmenn og nemendur skólans tóku þátt í að hreinsa umhverfis byggingarnar. Því miður var þátttakan ekki mikil en þeir þátttakendur sem mættu voru þau mjög öflugir. Vonir standa til að enn fleiri muni mæta í næstu skipti og að með hverju skipti bætist í lestina.

HA tók þátt í bíllausa deginum sem var haldinn 22.september. Dagurinn gekk vel fyrir sig og völdu langtum flestir vistvænan máta til að komast til og frá skólanum, sem ber að fagna. Bílaplanið var fremur tómlegt að sjá þann daginn sem er öllu jafna óvenjuleg sjón. Margir nýttu sér ferðamáta á borð við hjól, göngu og strætó þó komast sumir ekki hjá því vegna aðstæðna að nota einkabílinn sem ríkir skilningur á. Jákvæð áhrif bíllausa dagsins eru þau að margir velja vistvænan ferðamáta dagana eftir á.

Eftir áramót skilaði umhverfisráð inn erindi til framkvæmdarstjórnar háskólans um svifryks mengun á Akureyri. Vonast er til þess að erindið muni bera jákvæðan ávöxt með tilliti til heilsu og vellíðanar þeirra sem sækja skólann en svifryks mengun í miklu magni getur verið heilsuspillandi og því brýnt að bregðast við þeirri ógn.

## Ársskýrsla 2021

Hjólaskýlið sem bæði starfsfólk og nemendur biðu spenntir eftir hefur enn ekki fengið fjármagn, stúdentum í umhverfisráði þykir það afar leitt og vonast til þess að það náist sem allra fyrst. Á sama tíma fögnum við því að svar við ósk umhverfisráðs um hjól að gjöf til afnota fyrir nemendur og starfsfólks HA, barst fljótu eftir að tölvupóstbeiðni var send út! HA-fólkið mun því hafa kost á afnotum á hjóli til að erindast. Við viljum þakka þeim sem hjólið gefur kærlega fyrir og hrósa honum fyrir gjafmildina og örlætið!

Hjólaviðgerðarstandur mun einnig bætast við verkfærakistuna okkar við HA en það er einn líður af því að hvetja til vistvæns ferðamáta og bæta aðbúnað fyrir hjólafólk.

Við viljum vekja athygli á að aðgengi að búningasklefanum er í líkamsræktarsal HA svo fólk hefur tækifæri til að snyrta sig eftir hreyfinguna.

Gönguskíðaæði tröllríður nú landanum svo aldrei að vita nema fólk fari að munda þau til að ferðast í og úr skólanum. Vistvænn ferðamáti og kröftug heilsupjálfun.

Stúdentar í umhverfisráði hafa fengið það skemmtilega tækifæri að taka þátt í rafrænni ráðstefnu um sjálfbærni sem verður í apríl næstkomandi. Þeirra hlutverk á ráðstefnunni verður svokallað „Student session“ þar sem stúdentar við HA og stúdentar í Salzburg hafa tækifæri á að ræða sín á milli hvað þau eru að gera í umhverfismálum og gefa hvort öðru hugmyndir.

Við þökkum kærlega fyrir okkur! Öll þau tækifæri sem okkur gafst á þessu öðruvísi starfsári til að leggja okkar að mörkum í umhverfismálum. Jafnframt þökkum við öllum þeim sem tóku þátt á einn eða annan hátt á starfsárinu, án ykkar væri starfið fátæklegt!

Jafnframt hvetjum við alla þá sem hafa áhuga á umhverfismálum til að taka þátt á einn eða annan hátt, við tökum svo sannarlega fagnandi á móti öllum vangaveltum, hugmyndum og spurningum.

*„Never doubt that a small group of thoughtful citizens can change the world; indeed it is the only thing that ever has“*

-Margaret Mead

*Akureyri, 22. febrúar 2021*  
*Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir og H. Júlía Júlíusdóttir*

## Vísindaráð

### Vísindaráð starfsárið 2020-2021 skipa:

Árún Sigurðardóttir, prófessor, tilnefnd af heilbrigðisvísindasviði

Eva María Ingvadóttir, stúdent, tilnefnd af SHA

Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, formaður, tilnefnd af rektor

Joan Nymand Larsen, prófessor, tilnefnd af rektor

Rannveig Björnsdóttir, prófessor, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindasviði

Sigurður Kristinsson, prófessor, tilnefndur af hug- og félagsvísindasviði

### Til vara:

Alexander Smáráson, prófessor, tilnefndur af heilbrigðisvísindasviði

Særún Anna Brynjarsdóttir, stúdent, tilnefnd af SHA

Birna María B. Svanbjörnsdóttir, lektor, tilnefnd af hug- og félagsvísindasviði

Bjarni Gautason, útibússtjóri ÍSOR, tilnefndur af rektor

Hilmar Janusson, framkvæmdarstjóri GENÍS, tilnefndur af rektor

Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent, tilnefnd af viðskipta- og raunvísindasviði

### Pistill frá fulltrúa stúdenta í Vísindaráði

Á fundum Vísindaráðs haustið 2020 var m.a. rætt um skipulag doktorsnáms, rannsóknarvirkni deilda, rannsóknarhluta nýrrar gæðastefnu HA, sýnileika rannsókna við skólann og mikilvægi þess að hvetja til (vísinda)ráðstefnuhalda á Íslandi á íslensku. Í umræðunni um mótun nýrrar gæðastefnu HA lagði ég, sem fulltrúi stúdenta og mikil áhugamanneskja um eflingu og miðlun vísinda, áherslu á að HA beitti sér í ríkara mæli fyrir að þróa og hlúa að samstarfi sínu við framhaldsskóla á svæðinu með því markmiði að auka áhuga framhaldsskólanema á vísindum og rannsóknum og gera jafnframt störf fræðimanna við skólann “áþreifanlegri”. Að sama skapi hvatti ég til þess að veita rannsóknarframlagi stúdenta - bæði í grunn- og framhaldsnámi - meiri gaum. Gefa þarf stúdentum tækifæri til að kynna og ræða rannsóknarefni sín og styrkja þar með framtíðarhæfni þeirra sem

rannsakenda og virkra þjóðfélagsþegna. Með þessu má enn fremur valdefla stúdenta og auka gerendahæfni þeirra, skilning og áhuga á viðfangsefninu. Það er ekki síður mikilvægt að auka sýnileika þess öflugra rannsóknastarfs sem fram fer innan HA og sjá til þess að bæði rannsóknum og miðlun þekkingarinnar sem verður til í rannsóknunum sé hampað. Með þessu styrkjum við stöðu Háskólans á Akureyri sem rannsóknarháskóla og aukum samkeppnishæfni hans á alþjóðlegum vettvangi.

*Akureyri, 24. febrúar 2021*

*Eva María Ingvadóttir*

## Stjórn FÉSTA

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri, FÉSTA, er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar og Akureyrarbær eiga aðild að. Þessir aðilar skipa einnig fulltrúa í stjórn FÉSTA. FÉSTA á og rekur stúdentagarða og annast ýmsa aðra þjónustu við stúdentana. Stjórn FÉSTA er skipuð fimm fulltrúum; einum fulltrúa Akureyrarbæjar, tveimur fulltrúum Háskólans á Akureyri og tveimur fulltrúum stúdenta.

### Stjórn FÉSTA starfsárið 2020-2021 skipa:

Halla Margrét Tryggvadóttir, formaður stjórnar, skipuð af Akureyrarbæ  
Harpa Halldórsdóttir, forstöðumaður fjármálasviðs, skipuð af háskólaráði  
Hólmar Svansson, framkvæmdastjóri HA, skipaður af háskólaráði  
Steinunn Alda Gunnarsdóttir, stúdent, skipuð af SHA  
Fríða Freydís Þrastardóttir stúdent, skipuð af SHA

### Til vara

Dagný Ásgeirsdóttir, skipuð af SHA

### Pistill frá stúdentum í stjórn FÉSTA

Kórónuveirufaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi FÉSTA þar sem félagið stóð frammi fyrir mörgum uppsögnum á íbúðum. Því tóku stjórnarmeðlimir þá ákvörðun að setja íbúðir á almenna leigumarkaðinn. FÉSTA uppfærði algjörlega umsóknar-, leigu og beiðnakerfa sitt og gerði það alfarið rafrænt og mun notendavænna fyrir stúdentana. Einnig var heimasíðan uppfærð. Fulltrúar stúdenta hafa verið í mjög góðri samvinnu við starfsmenn FÉSTA og hefur upplýsingaflæði til stúdenta HA verið því afar gott.

Eignir FÉSTA hafa verið í sífelldri endurskoðun til þess að mæta eftirspurn stúdenta og var einni tveggja herbergja íbúð bætt við.

Augljóst er að það er afar mikilvægt að fulltrúar SHA í stjórn FÉSTA séu tilbúnir að eiga gott samráð við félagið með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

*Fríða Freydís Þrastardóttir  
Steinunn Alda Gunnarsdóttir*





## Aðildarfélög SHA

Aðildarfélög SHA eru sviðs- og deildarfélög. Starfsemi þeirra og hlutverk hafa þróast gegnum árin og tekið miklum breytingum eins og starfsemi og hlutverk SHA. Formenn aðildarfélaganna eiga allir sæti í stúdentaráði. Aðildarfélögin starfa eftir verklagsreglum sem stúdentaráð setur. Aðildarfélög SHA eru átta talsins í dag:

- Data, félag tölvunarfræðinema, var stofnað 2016.
- Eir, félag heilbrigðisnema, var stofnað 1990. Nafn félagsins er fengið úr norrænni goðafræði.
- Forseti, félag lögreglufræðinema, var stofnað vorið 2019 eftir að lögreglufræðinemar höfðu verið félagsmenn þemis eitt starfsár.
- Kumpáni, félag hug- og félagsvísindanema, var stofnað 2004, eftir að nemendur félagsvísindadeildar höfðu verið eitt ár félagsmenn í Magister.
- Magister, félag kennaranema, var stofnað árið 1993 og varð því fjórða deildarfélagið sem stofnað var við HA.
- Reki, félag viðskiptafræðinema, hét áður félag rekstardeildarnema og dregur nafn sitt af því. Félagið var stofnað árið 1990. Á tímabili starfræktu meistaranemar í viðskiptafræði undirfélag Reka sem nefndist A-meistari. Starfsemi þess félags var mjög lítil og starfstími þess stuttur.
- Stafnbúi, félag nema í auðlindafræðum var stofnað árið 1990, um leið og kennsla hófst í sjávarútvegsfræði við HA.
- Þemis, félag lögræðinema, var stofnað árið 2005 og var þá undirfélag Kumpána. Eftir að hafa verið eitt ár í Magister og undir Kumpána í fimm ár klufu laganemar sig algerlega frá Kumpána í mars 2009 og hefur Þemis starfað óháð öðrum aðildarfélögum síðan.

## Ársskýrsla Data

### Stjórn Data 2020-2021:

**Formaður:** Reynir Freyr Hauksson

**Varaformaður:** Sigurður Már Steinþórsson

**Nýnemafulltrúi:** Rúnar Vestmann

**Gjaldkeri:** Arnar Kjartansson

**Ritari:** Guðrún Helga Finnsdóttir



### Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Jón Stefán Kristinsson

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Jevgenija Zlotnikova

Ný stjórn Data var kjörin á aðalfundi félagsins sem fór fram í Háskólanum á Akureyri þann 18. febrúar 2021. Engin mótframboð bárust og því allir meðlimir stjórnarinnar sjálfkjörnir.

### Starfsemi félagsins

Data er nýlegt félag sem samanstendur af tölvunarfræðinimum sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík, en einnig eru einhverjir nemendur á 2. og 3. ári í áföngum við Háskólann á Akureyri. Þrátt fyrir að fæstir félagsmenn stundi nám við Háskólann á Akureyri tekur allt félagið virkan þátt í félagslífinu innan HA. Megináhersla félagsins er að halda uppi öflugu félagslífi innan félagsins ásamt því að taka þátt í og skipuleggja viðburði með öðrum aðildarfélögum SHA. Starfsemin felst einnig í kynninga- og hagsmunamálum. Þó er aðallega tekið á hagsmunamálum í Háskólanum í Reykjavík en stjórn Data er félagsmönnum ávallt innan handar þegar kemur að slíkum málum.

### Félagsstarf

#### 28. febrúar - Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar

Ný stjórn hittist til þess að ganga frá stjórnarbreytingum sem senda þurfti til ríkisskattstjóra og skrifa undir pappíra til þess að geta fengið kort og heimabanka fyrir formann og gjaldkera. Einnig var vísindaferð til WISE rædd stuttlega.

### 6. mars – Vísindaferð til WISE

Skipulögð var vísindaferð til WISE þar sem vel var tekið á móti okkur. Boðið var upp á drykki, snakk og samlokur á meðan starfsmenn WISE kynntu fyrirtækið fyrir nemendum.

### 12. mars – Lærdómskvöld

Data bauð nemendum að hittast í stofu K201 til þess að læra saman. Þar er góð aðstaða fyrir hópavinnu og myndaðist góð stemming á meðan unnið var í ýmsum verkefnum, með pásam til þess að spjalla saman, spila tónlist og borða pizzur í boði Data.

### 8. maí – Próflokaferð Data

Haldið var upp á próflokinn með partýi í sal Sjálfstæðisflokksins í Kaupangi. Þar sem lítið hafði verið um viðburði þessa önnina var ákveðið gera kvöldið eins gott og mögulegt væri. Data pantaði pizzur, keypti drykki, skipulagði Kahoot og leigði búnað fyrir beer pong, pílukast og káríóki. Mæting var mjög góð og skemmti fólk sér saman lang fram á nótt.

### 27. ágúst – Nýnemakvöld Data

Vegna Covid-19 var ekki leyfilegt að halda nýnemakvöld í persónu eins og hefð hefur verið fyrir. Í staðinn var gerð tilraun til þess að vera með rafrænan hitting í gegnum Zoom. Mæting var mjög lítil, en aðeins 2 nemendur mættu fyrir utan stjórnarmeðlimi.

### 18. september – Hittingur á Café Amour

Strax og leyfilegt var að halda viðburði aftur var ákveðið að hittast á Café Amour og bæta upp fyrir nýnemakvöldið. Boðið var upp á fría drykki og spilað Kahoot. Stemmingin var virkilega góð og var fólk að spjalla saman og dansa alveg fram að lokun.

### 5. nóvember - Zoomkvöld með Stafnbúa og Reka

Haldin var sameiginlegur rafrænn viðburður með Stafnbúa og Reka. Kvöldið byrjaði á pub quízi með Rikka G, þar sem hægt var að vinna alls konar flotta vinninga, og svo mætti Pétur Jóhann og var með uppistand.

### 27. Janúar - Lærdómshittingur í Kaupangi

Data bauð félagsmönnum að mæta saman upp í Kaupang, þar sem stjórnarmeðlimir hafa aðgang að góðum sal, til þess að læra saman. Keyptar voru pizzur og drykkir handa þeim sem mættu, en vegna Covid varð að passa vel upp á fjöldatakmarkanir.

### 18. febrúar – Aðalfundur Data

Aðalfundur Data var haldinn með öðru sniði en venja hefur verið fyrir, en stjórnin hittist saman í Kaupangi og nemendur tóku þátt í gegnum Zoom. Farið var yfir ársskýrslu félagsins og ársreikning. Þá var kosið í nýja stjórn fyrir næsta árið. Sjálfkjörið var í allar stöður, en nýja stjórn skipa; Árni Steinar Þorsteinsson sem formaður, Þorsteinn Ingi Stefánsson Rafnar sem varaformaður, Ester Helena Hauksdóttir Laxdal sem gjaldkeri, Rúnar Vestmann sem ritari. Einnig voru valdir kynningarfulltrúi; Þorsteinn Ingi Stefánsson, og fulltrúi í viðburðarnefnd; Ragnar Smári Ómarsson. Þá voru gerðar tvær tillögur að lagabreytingum. Sú fyrsta var að leyfa nemendum utan tölvunnarfræðinnar að ganga í félagið og var það samþykkt einróma. Seinni tillagan var að bæta við nýrri stöðu innan stjórnarinnar til þess að efla samband við þá félagsmenn sem búa ekki á Akureyri. Það var einnig samþykkt. Staðan var nefnd landsbyggðarfulltrúi og Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir kosin í hana.

### 18. febrúar – Hittingur í Kaupangi

Data býður félagsmönnum að hittast í Kaupangi eftir aðalfund félagsins og fá sér pizzur og drykki saman.

### Kynningarmál

Ólafur Jónsson, verkefnastjóri tölvunarfræðideildar HA, hefur frá upphafi verið duglegur við að kynna námið í grunnskólum, framhaldsskólum og hinum ýmsu viðburðum um land allt. Lítið

## Ársskýrsla 2021

var um viðburði þetta árið þar sem námið var kynnt, en Reynir Freyr Haukson og Berglind Anna Víðisdóttir kynntu námið fyrir nemendum í 10. bekk snemma á haustönn og Sigurður Már Steinþórsson, varaformaður tók þó þátt í að kynna námið fyrir framhaldsskólanemum þann 8. febrúar.

### Það sem betur mætti fara

Rætt var um hvort eitthvað væri hægt að gera betur og voru allir viðstaddir sammála því það væri erfitt miðað við stöðuna á Covid.

*Stjórn Data 2020-2021*

## Ársskýrsla Eirar

### Stjórn Eirar 2020-2021:

**Formaður:** Sigríður Arna Lund

**Varaformaður:** Sóley Ösp Sverrisdóttir

**Gjaldkeri:** Sunna Líf Jóhannsdóttir

**Ritari:** Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir

**Meðstjórnandi:** Brynja Rún

**Hagsmunafulltrúi:** Eva María Matthíasdóttir

**Tengiliður nýnema hjúkrun:** Gabríela Auður

**Tengiliður nýnema iðjubjálfa:** Lilja Gestsdóttir

**Tengiliður fjarnema:** Júlíana Björk Gunnarsdóttir



# EIR

### Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Sýlvía Sif Halldórsdóttir

### Starfsemi félagsins

Eir er stærsta nemendafélag Háskólans á Akureyri og í því eru nemendur úr hjúkrunarfræði, iðjubjálfunarfræði og nemar í framhaldsnámi á heilbrigðisvísindasviði. Félagið leggur megináherslu á að halda uppi öflugu félagslífi fyrir félagsmenn sína. Haldnir eru reglulegir viðburðir og vísindaferðir bæði á vegum Eirar og í samstarfi við hin nemendafélögin. Einnig tekur félagið virkan þátt í viðburðum á vegum SHA.

Síðasta starfsár var frábrugðið hefðbundnu starfsári vegna heimsfaraldursins COVID-19 og þurfti Eir, sem og öll aðildarfélög SHA, að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Stjórn Eirar lagði sig fram um að veita nemendum stuðning og passa upp á hagsmuni nemendur þegar kom að námsmati og öðrum þáttum sem röskuðust vegna COVID-19. Lagt var upp með að veita nýnemum sérstaklega aukinn stuðning þar sem erfitt er að byrja í nýju námi á þessum tímum, þá sérstaklega fyrir þá nemendur sem þurftu að þreyta clausus. Því var boðið upp á þrjú lærdómskvöld á haustönninni þar sem tilgangurinn var að búa til vettvang fyrir



## Ársskýrsla 2021

nemendur til að hittast og læra saman. Fyrsta árs nemum var boðið að hitta nemendur af öðrum árum til þess að ræða námsefnið og spurja spurninga. Markmiðið var að nemendur myndu finna að þeir tilheyrðu háskólasamfélaginu og tengja nemendur betur saman. Stjórn SHA starfsárið 2020-2021 þakkar kærlega fyrir liðið starfsár og óskar komandi stjórn góðs gengis með komandi verkefni.

### Félagsstarf

#### 17. febrúar 2020 – Aðalfundur Eirar

Fundurinn var haldinn í húsakynnum Háskólans á Akureyri þar sem ný stjórn var kosin. Boðið var upp á pizzur og gos.

#### 14. mars 2020 – Árshátíð SHA

Aflýsa þurfti árshátíð SHA vegna COVID-19. Reynt var að fresta henni fram í maí þar sem vonað var að ástandið yrði betra en því miður gekk það ekki upp.

#### 26-28. júní 2020 – Útilega SHA

SHA hélt í fyrsta skipti Útilegu stúdentafélags Háskólans á Akureyri í tjaldsvæðinu Hegranesi í Skagafirði sem vakti mikla lukku. Nemendur skemmtu sér konunglega og voru glaðir að fá tækifæri til að hittast eftir erfiða vorönn.

#### 26. ágúst 2020 – Rafrænir Nýnemadagar heilbrigðisfræðinema

Nýnemadagar þetta árið voru með breyttu sniði vegna aðstæðna og voru haldnir rafrænir. Dagurinn byrjaði á því að formaður Eirar hitti nemendur í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði á zoom þar sem hún kynnti aðildarfélagið og starfsemi þess. Nýnemar voru hvattir til þess að mæta á nýnemakvöldið sem haldið var sama kvöld.

#### 26. ágúst 2020 – Rafrænt Nýnamakvöld Eirar

Nýnemakvöld Eirar var haldið á zoom og gekk það vonum framur þar sem góð mæting var. Tilgangur með nýnemakvöldum er að hrista hópinn saman, kynna starfsemi félagsins og gefa nýjum nemendum tækifæri til að kynnast betur. Þó svo að kvöldið hafi verið rafrænt myndaðist góð stemming þegar leið á kvöldið. Skellt var í eitt kahoot þar sem veglegir

vinningar voru í boði fyrir fyrstu þrjú sætin. Kvöldið var virkilega vel heppnað og mættu tæplega 50 manns á viðburðinn.

#### 28. ágúst 2020 – Rafrænt Nýnemakvöld SHA

SHA stóð fyrir rafrænu nýnemakvöldi fyrir alla nýnema HA sem haldið var live á Facebook. Spilað var Bingó og heppnaðist kvöldið mjög vel.

#### 17. september 2020 – Gleðistund Eirar

17. september var eina smuga starfsársins til þess að halda almennilegan hitting þar sem Eiringar gátu hist í persónu, fengið sér gylltar veigar í boði Eir, spjallað og haft gaman. Viðburðurinn var haldinn á Götubarnum og skemmtu allir sér konunglega.

#### 22. september 2020 – Kosningar fyrir nýnemafulltrúa hjúkrunarfræðinema og iðjupjálfunarfræðinema

Haldnar voru rafrænar kosningar fyrir nýnemafulltrúa hjúkrunar- og iðjupjálfunarfræðinema. Lilja Gestsdóttir var sú eina sem bauð sig fram sem nýnemafulltrúi iðjupjálfunarfræðinema. Tveir hjúkrunarfræðinemar buðu sig fram og munaði aðeins einu stigi á milli þeirra í kosningum en var það hún Gabriela Auður sem var kosin.

#### Sprellmót SHA

Því miður þurfti að aflýsa sprellmóti SHA, einn af stærstu viðburðum ársins í Háskólanum. Vonandi verður hægt að halda enn stærra og skemmtilegra Sprellmót nk starfsár.

#### 7. október 2020 – Lærdómskvöld Eirar

Eir hélt fyrsta lærdómskvöldið sitt við góðar viðtökur. Kvöldið var haldið á zoom þar sem nemendur gátu skipt sér upp í hópa eftir því hvað þau vora að læra og á hvaða ári. Sérstaklega var boðið upp á kennara, sem var nemandi á 3. ári í hjúkrunarfræði, fyrir nemendur í clausus sem heppnaðist mjög vel. Ákveðið var að á næsta lærdómskvöldi yrði einnig boðið upp á kennara fyrir fyrsta árs iðjupjálfanema.

### 21. október 2020 – Lærdómskvöld Eirar

Eftir vel heppnað lærdómskvöld var ákveðið að halda annað lærdómskvöld tveimur vikum seinna. Í þetta skipti var bæði boðið upp á kennara fyrir fyrsta árs hjúkrunarfræðinema og fyrsta árs iðjuþjálfanema. Vel var mætt og nemendur lýstu yfir ánægju með kvöldið.

### 12. nóvember 2020 – Lærdóms- og spjall kvöld

Síðasta lærdómskvöld Eirar haustönn 2020 var haldið 12. nóvember. Nemendur af öllum árum voru hvattir til þess að mæta og var kvöldið ekki einungis auglýst sem lærdómskvöld heldur líka spjallkvöld fyrir þá sem vildu hittast og fá smá félagskap.

### 23-28. nóvember – upprifjunarnámskeið Eirar

Í annað sinn stóð Eir fyrir upprifjunarnámskeið fyrir nemendur í Clausus. Hvert námskeið var haldið á tveimur dögum, 7 tíma í senn. Námskeiðin haldin Annars vegar var boðið upp á námskeið í Vefja- og frumulíffæri og hins vegar Líffærafræði en nemendur eru sammála um að þetta séu tvö þyngstu námskeiðin sem kennd eru á fyrsta ári í hjúkrunarfræði. Einnig var boðið upp á upprifjunarnámskeið í Bygging og starfsemi mannlíkamans í fyrsta skipti fyrir fyrsta árs nema í iðjuþjálfunarfræði. Kostnaði á námskeiðin var haldið í lágmarki þar sem eitt námskeið kostaði 7.000 kr og tvö námskeið 11.000 kr. Um 110 nemendur skráðu sig á námskeiðin og ríkti mikil ánægja meðal nemenda og kennara sem héldu námskeiðin. Kennarar námskeiðisins voru Bryndís Bjarnadóttir, 3. árs hjúkrunarfræðinemi, sem sá um Vefja- og frumulíffæri. Sýlvía Sól Halldórsdóttir, 3. árs hjúkrunarfræðinemi, sá um Líffærafræði og Sigríður Arna Lund, nemi á starfsréttindaári í iðjuþjálfun, sá um Byggingu og starfsemi mannlíkamans.

Námskeiðin hafa farið vel af stað síðustu tvö ár og er þetta spennandi þróunarverkefni fyrir komandi stjórnir að takast á við. Næstu skref fela m.a. í sér að ákveða hvernig skuli velja kennara og aðra praktísk atriði er varðar kostnað og laun kennara.

### 17. desember 2020 – Próflokaþögnunur Eirar og Kumpána

Eir og Kumpáni ákváðu að slá sér saman og halda sameiginlegan próflokaþögnun fyrir félagsmenn. Viðburðurinn var haldinn í gegnum zoom þar sem Saga Garðars var fengin til að

vera með uppstand og stýra svo Bingó. Forrit sem Reynir Freyr Hauksson, formaður Data, bjó til fyrir Bingó var prufukeyrt og vakti mikla lukku. Kvöldið gekk mjög vel og fóru nokkrir heppnir nemendur heim með veglega vinninga.

### 29. janúar 2021 - Stóra Vísó

Því miður þurfti að hætta við Stóru Vísó þetta skólaárið en vonandi verður hægt að halda eina vísindaferð áður en skólaárinu 2020-2021 lýkur.

Stafnbúi tók sig til og bauð öllum aðildarfélögum á rafræna Stóra Vísó föstudaginn 29. janúar þar sem Gerður Arinbjarnar, eigandi Blush, og Áslaug Arna, dómsmálaráðherra, mættu og sögðu frá störfum sínum. SHA stóð svo fyrir bingói þar sem Rikki G stýrði kvöldinu.

### 18. febrúar 2021 – Aðalfundur Eirar

Ný stjórn kosin sem og lagabreytingar gerðar.

#### Stjórn Eirar 2021-2022

**Formaður:** Hugrún Sigurðardóttir

**Varaformaður:** Erla Salome Ólafsdóttir

**Gjaldkeri:** Sunna Líf Jóhannsdóttir

**Ritari:** Lilja Gestsdóttir

**Meðstjórnandi:** Brynja Rún

**Hagsmunafulltrúi:** Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir

**Tengiliður nýnema hjúkrun:** Gabriela Auður

**Tengiliður nýnema iðjuþjálfarar:** Lilja Gestsdóttir

**Tengiliður fjarnema:**

#### Önnur embætti 2021-2022

**Fulltrúi á deildafundi f.h. iðjuþjálfunarfræðinema:** Sunna Líf Jóhannsdóttir

**Varaformaður á deildafundi f.h. iðjuþjálfunarfræðinema:** Lilja Gestsdóttir

**Varaformaður á deildafundi f.h. hjúkrunarfræðinema:** Brynja Rún

**Fulltrúi iðjuþjálfunarfræðinema í matsnefnd:** Lilja Gestsdóttir

**Fulltrúi hjúkrunarfræðinema í matsnefnd:** Erla Salome Ólafsdóttir

Ársskýrsla 2021



*Stjórn Eirar 2020-2021*

## Ársskýrsla Forseta

### Stjórn Forseta 2019-2020:

**Formaður:** Bjartur Ari Hansson

**Varaformaður/ritari:** Aron Björn Guðmundsson

**Gjaldkeri:** Dagný Karlsdóttir

**Ritari:** Stefanía Kristín Sigrúnardóttir

**Nýnemafulltrúi:** Jón Heiðarr Sigurðsson

**Fjarnemafulltrúi:** Atli Stefán Helgason



### Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Alda Hólm Jóhannsdóttir

### Starfsemi Félagsins

Félagið Forseti sem samanstendur eingöngu af lögreglufræðinimum á 1, 2 og 3 ári í námi við Háskólann á Akureyri. Megináhersla félagsins er að stuðla að góðu félagslífi nemenda og gæta hagsmuna þeirra með því að skipuleggja flotta viðburði á borð við Mjólkurkvöld hug- og fél, stóru vísó og sprellmótið sem og lotuhittinga. Einnig felst starfsemin í kynningarmálum. Stjórn Forseta er félagsmönnum ávallt til hjálpar þegar þess þarf.

Stjórnin hefur þurft að glíma við það að vera með alla viðburði rafræna þetta árið og stóð hún sig prýðilega við það.

### Félagsstarf

#### Auka aðalfundur Forseta 26. 02. 2020.

Á þessum fundi var ný stjórn kjörin í embætti til að taka við af þeirri gömlu fyrir starfsárið 20-21. Hana skipuðu Bjartur Ari Hansson sem formaður, Aron Björn Guðmundsson em varaformaður, Dagný Karlsdóttir sem Gjaldkeri, Stefanía Kristín Sigrúnardóttir sem ritari. Atlli

Stefán Helgason tók að sér stöðu fjarnemafulltrúa og Alda Hólm Jóhannsdóttir var kjörin sem fulltrúi Forseta í viðburðarnefnd SHA.

#### Rafrænt nýnemakvöld Forseta 24. 08. 2020

Fyrir kvöldið hafði verið búið að safna vinningum og voru þeir auglýstir sem verðlaun fyrir 1. 2. og 3. sæti í Kahoot sem var haldið á þessum viðburði. Viðburðurinn var illa sóttur og má það vera vegna þess að við upplifðum mikla tæknilega örðugleika við framkvæmd á honum.

#### Nýnemakvöld SHA 28. 08. 2020

Þar var spilað bingo og veglegir vinningar voru í boði frá Ölgerðinni, Vodafone og Heimkaup. Óvitað er hve margir Forseta mættu á þennan viðburð.

#### Stjórnarfundur Forseta 15. 09. 2020

Á þessum fundi var ákveðið að í ljósi tæknilegra mistaka á síðasta viðburði þyrftum við að eiga okkar eigin Zoom pro aðgang til að geta haldið viðburði án slíkra mistaka.

#### Stjórnarfundur Forseta 12. 10. 2020

Farið var yfir ýmis mál varðandi hvort Bjartur ætti að stíga til hliðar sem formaður Forseta og Aron myndi þá taka við. En í ljósi aðstæðna í samfélaginu fannst stjórninni við hæfi að Bjartur myndi halda áfram þar til annað kemur í ljós. Einnig var rætt um að finna nýnemafulltrúa fyrir Forseta. Hugmynd um rafrænan hitting í stað bjórkvölds kom upp og var tekið vel í hana.

#### Stjórnarfundur Forseta 14. 10. 2020

Farið yfir fjármál og nýtt verklag hvað varðar fundagerðir. Bjartur lagði til að fundagerðir yrðu skrifaðar upp og bornar upp til samþykktar hjá stjórninni svo að hægt væri að færa þær í varanlega geymslu á Teams. Nýr nýnemafulltrúi var kynntur stjórninni og var það Jón Heiðar Sigurðsson. Við ákváðum að við myndum henda í smá kynningu á honum á Instagram

reikningi Forseta. Planað rafrænan hitting til að auka félagslífið á krefjandi námsmisseri.

Dagsetning 30. október og átti þar að vera hrekkjavöku þema.

### Rafrænt hrekkjavöku/Zoom kvöld Forseta í samstarfi við HISS 30. 10. 2020

Þetta kvöld fór vel fram, margir vinningar voru í boði frá HISS og var viðburðurinn vel sóttur ásamt því að fólk var almennt í búningum sem sjá mátti á zoom. Við spiluðum Kahoot þar sem verðlaun voru veitt fyrir 1. 2. og 3. sæti, þar var María Kristjánsdóttir sigurvegari, svo gáfum við verðlaun fyrir flottasta búninginn sem Margrét Ósk Elíasdóttir fékk fyrir að vera máluð eins og David nokkur Bowie. Spilað var svo Among us þar til fólk gekk til náða.

### Among us kvöld Forseta 13. 11. 2020

Þar sem leikurinn Among us naut mikilla vinsælda á síðasta viðburði var tilvalið að henda í eitt rólegt spilakvöld. Meðlimir Forseta hittust á Zoom og spiluðu Among us og skemmtu sér vel.

### Stjórnarfundur Forseta 16. 11. 2020

Rætt var síðasta hitting og hvernig huga ætti að betri hittingum fyrir meðlimi Forseta. Hugmynd kom upp um lærdómskvöld og var ákveðið að fara strax í að skipuleggja það. Svo var einnig talað um að hafa rafrænt mjólkurkvöld með hug- og fél.

### Lærdómskvöld 1. árs nema í lögreglufræði 20. 11. 2020

Eldri nemendur Forseta ákváðu að halda kvöld til að undirbúa nýnemana fyrir prófin. Stjórnin taldi þetta vera nauðsynlegt þar sem nýnemar höfðu ekki fengið nægilega mikla tilsögn í þessu námi um hvað væri best að gera sig til að undirbúa sig fyrir prófin og bara námið yfir höfuð. Viðburðurinn var ágætlega sóttur og gekk vel.



### Rafrænt Mjólkurkvöld Hug- og fél. (Próflokagleði) 18. 12. 2020.

Árið 2019 var haldið svokallað mjólkurkvöld hug- og fél. Til þess að halda í góð sambönd félaganna innan hug- og fél varð það ákveðið af frumkvæði Forseta að halda annað slíkt kvöld nema með öðrum hætti. Fólk var hvatt til að fá sér fljótandi veigar á meðan það spilaði Kahoot þar sem gefnir voru vinningar fyrir 1. 2. og 3. sæti, en vinningarnir voru allir frá Blush.is þar hafði Sólveig Birna formaður Magister sérfræðingur í kynlífstækjakaupum verslað fyrir 60.000 krónur á black friday afslætti Blush.is þar sem kostnaðinum var svo skipt milli félaga. Einnig var áfengi keypt til að hafa með vinningunum og var kostnaðinum á því einnig skipt á milli félaganna. Á meðan viðburðinum stóð var svo happdrætti til að gefa fleiri vinninga og var fólk almennt nokkuð sátt með framkvæmdina á þessu kvöldi. En að loknu Kahoot var svo spilað Among us og fleiri leiki, og farið var í trúno með Nökkva Jónssyni formanni Þemis og trúnosérfræðingi. Það voru ekki margir fulltrúar Forseta á þessum hittingi, sem var þó hafður á þeim tíma að lögreglufræðinemar áttu allir að vera búnir í þrekprófi.

### Stjórnarfundur Forseta 28. 01. 2021

Rætt var um að manna nýja stjórn og gert var grein fyrir því að það þætti erfiðara gert en sagt. Einnig var talað um að hafa viðburð á þessari önn fyrir alla á zoom og hugsanlega í kringum dagana sem lotan yrði hjá lögreglufræðinimum.

### Aðalfundur Forseta 10. 02. 2021

Haldinn var aðalfundur í stofu M203 svo að fleiri en 5 mann gætu mætt á staðinn, en hámarksfjöldi í bókaðri stofu var einungis 5 manns. Stjórnin var þarna á staðnum í öllu sínu veldi og var Stefanía Kristín ritari fundarins en Bjartur Ari var fundastjóri. Farið var yfir öll helstu mál sem á aðalfundi skal gera, en engin framboð bárust í embætti nýrrar stjórnar. Var það því ákveðið að leitað yrði til SHA með það að leiðarljósi að finna út úr þeim málum. Bjartur Ari Hansson gerði svo í lok fundarins Öldu Hólm Jóhannsdóttur, Atla Stefán Helgason, Aron Björn Guðmundsson, Ása Þórðarson, Bjart Ara Hansson, Dagnýju Karlsdóttur og

Stefaníu Kristínu Sigrúnardóttur að heiðursmeðlimum Forseta. Eins og segir í samþykktum Forseta skv. 39. gr. Skal stjórn Forseta halda skrá yfir heiðursfélaga og afhenda heiðursfélögum skjal til staðfestingar. Að fundi loknum vottaði gamla stjórnin Forseta virðingu sína og fór með kvæði Forseta sem má finna í 47. gr. samþykktum Forseta og hljóðar hún svo:

Laganna verðir, lýðsins menn,  
að mörgu er að hyggja.  
Þjóna, vernda og muna í senn,  
með lögum skal land byggja.

#### Sameiningarfundur Forseta og Kumpána 24. 02. 2021

Rætt var við tilvonandi og fráfarandi formann Kumpána og tilvonandi formann SHA um að sameina félögin tvö til að leysa vandamál sem kom upp á aðalfundi. Fundurinn var haldinn 24. Febrúar og var tillagan samþykkt einróma. En Forseti mun halda áfram út misserið sem eigið félag með gömlu stjórninni.

*Stjórn Forseta 2020-2021*

## Ársskýrsla Kumpána

### Stjórn Kumpána 2020-2021

**Formaður:** Eva Matthildur Benediksdóttir


**Varaformaður:** Harpa Lís Þorvaldsdóttir

**Fjármálastjóri:** Antonía Hölludóttir

**Ritari:** Erla Kolfinna Bjarnadóttir

**Nýnemafulltrúi félagsvísindadeildar:** Rúnar Freyr  
Júlíusson

**Nýnemafulltrúi sálfræðideildar:** Guðný Helga Johnsen



KUMPÁNI

### Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Sæunn Valdís

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Karitas Birna Eyþórsdóttir

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Natalia Olender

### Almennt

Ný stjórn Kumpána var kjörin á aðalfundi þann 13. febrúar 2020. Framboð fengust í stöðu ritara og varaformanns en þáverandi formaður tilnefndi einstaklinga í stöðu fjármálastjóra og formanns sem var samþykkt á aðalfundi. Nýnemafulltrúar voru kjörnir um haustið með rafrænni kosningu. Vegna samfélagslegra aðstæðna var líf háskólanema óvanalegt og flest öll kennsla rafræn. Stjórnir SHA þurftu því að troða ótroðnar slóðir með því að færa félagslíf háskólanema í rafrænan búning. Á aðalfundi SHA fengust einnig framboð í allar fastanefndir innan SHA án vandræða.

### *Styrkir*

Kumpáni endurnýjaði samning sinn við Dominos sem hljóðaði upp á 180 þúsund króna pizzuineign og tvær pizzuveislur. Við gátum illa nýtt inneignina vegna samkomubannsins og náðum ekki að selja neinar pizzur áfram okkur til fjáröflunar. Vegna þess að við sáum ekki fram á að geta haldið neina viðburði þá leituðumst við ekki eftir öðrum styrkhöfum.

### *Skemmtikvöld Kumpána 2020*

Þann 17. september héldum við okkar fyrsta og eina staðbundna viðburð á stjórnarárinu. Við leigðum Café Amour og buðum Kumpánum upp á pizzur og gullnar veigar. Vegna takmarkana héldum við utan um mætingu á google forms og reiknuðum leyfðan fjölda manns miðað við fermetra. Mætingin og stemmingin var til fyrirmyndar, sem er ekkert nýtt hjá Kumpánum, en þegar leið á kvöldið komu til okkar aðilar úr öðrum félögum. Kvöldið gekk vonum framan og allir skemmtu sér vel, gestir hjálpuðu til að ganga frá og allir farnir út úr húsinu kl.23:00.

### *Viðburðir sem urðu ekki vegna COVID-19*

Kumpáni lagði metnað í að útbúa spennandi starfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021, en vegna Covid-19 heimsfaraldursins þurfti að aflýsa þeim flestum. Af viðburðum Kumpána sem þurfti að aflýsa má helst nefna þá átta lotuhittinga sem áttu að eiga sér stað á haustmisseri og vormisseri, blakmót í Kjarnaskógi og mjólkurkvöld hug- og félagsvísindasviðsins. Í starfsáætlun Kumpána var einnig gert ráð fyrir eftirfarandi viðburðum á vegum SHA sem þurfti að aflýsa; árs hátíð, vor-þróflokafögnum, sprellmóti, Halloween, jóla-þróflokafögnum og stóruvísó.

### *Rafrænir viðburðir*

- Þann 24. ágúst hélt Kumpáni sitt fyrsta rafræna nýnemakvöld. Mæting og þátttaka í leikjunum fór vonum framar. Stjórn Kumpána hafði undirbúið kahoot, hengimann og pictionary, auk þess sem við fórum í 'aldrei hef ég aldrei' og spurningaleik frá stjórninni til þess að brjóta ísinn. Nemendur tjáðu ánægju sína með kvöldið og hvöttu okkur til þess að halda fleiri rafræna viðburði, okkur þótti

afskaplega vænt um þessi orð frá þeim þar sem við vorum öll að stíga okkar fyrstu skref í rafrænu félagslífi.

- 4. nóvember héldum við síðan rafrænan farsóttarhitting, nú var seinna samkomubannið nýlega skolið og við vildum gera eitthvað til þess að bæta upp fyrir lotuhittingana sem urðu ekki. Við settum spurningabox á Instagram þar sem við spurðum hvað fylgjendur okkar myndu vilja sjá gert, mikill áhugi var fyrir lærdómskvöldi, speed-dating og leikjum. Að þessu sinni ákváðum við að taka rólegt leikjakvöld þar sem við undirbjuggum kahoot, pictionary og speed-dating. Keyptum við gjafabréf frá salatsjoppunni og ísbúð Akureyrar til þess að gefa fyrir efstu þrjú sætin í kahoot. Hittingurinn gekk ótrúlega vel, góð mæting og stemmingin frábær.
- Þann 17. des hélt Kumpáni sameiginlegan próflokafögnum með Eir á zoom. Við greiddum Sögu Garðars til þess að vera með stutt uppistand og vera bingóstjóri í 6 leikjum, það tók tæpa klst. Góð mæting, kvöldið gekk mjög vel. Við notuðum síðuna netbingo.is til þess að halda rafræna bingóið, gekk eins og í sögu. Einnig spiluðum við kahoot og höfðum fengið metnaðarfulla vinninga fyrir sigurvegara.
- Þann 18. Des héldu félög á hug- og félagsvísinda sviðum einnig sameiginlegt próflokakvöld á zoom. Veglegir vinningar frá blush.is voru í boði fyrir sigurvegara í kahoot keppni og happdrætti sem við héldum reglulega á milli spurninga. Seinna um kvöldið skiptum við hópnum í breakout rooms þar sem annað hvort var spilað among us eða farið á trú nó með Nökkva. Mætingin var fremur dræm en stemmingin góð hjá þeim sem komu.
- Þann 18. febrúar ætlar Kumpáni að sameinast Reka í einn loka viðburð og kveðja þessa rafrænu stjórnartíð saman. Jón Jónsson og Friðrik Dór ætla að spila og skemmta Rekum og Kumpánnum í 45 mínútur, fimmtudagskvöldið 18. feb.

### *Lokaorð fráfarandi stjórnar*

Líðandi stjórnartímabil hefur krafist þess að við sem stjórn, jafn sem samnemendur okkar, höfum þurft að hugsa út fyrir kassann og leita nýrra leiða í leik og starf. Við erum þakklát fyrir félagsmenn okkar sem ávallt hafa verið dugleg að mæta á viðburðina okkar og gera Kumpána

að svo ótrúlega sterku félagi. Við erum meðvituð um að rafræn kahoot og bingó komast ekki nálægt sprellumóti og stóru vísó en viljum þakka ykkur öllum fyrir skilning og jákvæðni á þessum óhefðbundnu tímum, og fyrir að mæta. Kumpáni þakkar einnig SHA og HA fyrir góða upplýsingagjöf síðastliðið ár.

Samvinna milli aðildarfélagana var til fyrirmyndar og vonar Kumpáni að heimsfaraldurinn, þrátt fyrir tveggja metra regluna, hafi gert okkur nánari. Við viljum óska nýrri stjórn velgengni á komandi stjórnartíð og vonum að þau rækti þessi vinatengsl sem hafa myndast á milli aðildarfélagana og grípi tækifærið, sem við hefðum svo innilega viljað fá, að halda staðbundna viðburði saman þegar samfélagslegar aðstæður leyfa.

Stjórn Kumpána 2020-2021

## Ársskýrsla Magister

### Stjórn Magister 2020-2021:

**Formaður:** Sólveig Birna H. Elísabetardóttir

**Varaformaður:** Kamila Kinga Świerczewska

**Gjaldkeri:** Hólmfríður Sylvía Björnsdóttir

**Samskiptafulltrúi:** Karitas Fríða Wiium

**Fulltrúi fjarnema:** Sigurður Atli Sigurðsson (til sept 2020)

**Fulltrúi nýnema:** Berglind Vala Valdimarsdóttir



### Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Gísli Ragnarsson (ágúst 2020 til janúar 2021)

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Dagmar Ólína

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Gunnur Vignisdóttir

### Aðalfundur Magister 2021

Aðalfundur Magister 2021 var haldinn rafrænt á ZOOM þann 10. febrúar 2021. Kamila Kinga Świerczewska bauð sig fram sem fundarstjóri og óskaði eftir fundaritara. Berglind Vala bauð sig fram.

Sólveig Birna fór yfir ársskýrsluna og Hólmfríður Sylvía fór yfir ársreikning og var hann samþykktur. Breytingar á lögum voru allar samþykktar á sjálfum aðalfundinum.

### Kosningar í stjórn

#### **Framboð í nefndir:**

*Kynninganefnd:* Elín Friðbjarnardóttir

*Viðburðanefnd:* Berglind Vala Valdimarsdóttir

#### **Framboð í stjórn félagsins:**

*Formaður:*

Sólveig Birna Halldórsdóttir Elísabetardóttir endurkjörin

*Varaformaður:*

Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir kjörin

*Gjaldkeri:*

Hólmfríður Sýlvía Björnsdóttir endurkjörin

*Samskiptastjóri:*

Berglind Vala Valdimarsdóttir kjörin

**Breytingar í stjórn**

Sigurður Atli Sigurðsson, fulltrúi fjarnema sagði af sér í September 2020 og tók stjórnin ákvörðun að auglýsa ekki eftir öðrum fulltrúa. Gísli Ragnarsson sagði sig úr alþjóðanefnd janúar 2021.

**Hagsmunamál**

Formaður, Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, hefur verið fulltrúi nemenda á deildarfundum kennaradeildar og á deildarráðs- og fræðasviðs fundum hug- og félagsvísindasviðs. Þar hefur formaður verið rödd nemenda og gætt hagsmuna þeirra eftir bestu getu. Karitas Fríða hefur setið sem fulltrúi kennaradeildar í námsnefnd og Dagmar Ólína sömuleiðis fulltrúi kennaradeildar í matsnefnd sem gætir hagsmuna nemenda.

**Skemmtanamál**

Ákveðið var að halda viðburð á vegum Magister, þó aðallega fyrir nýnema en aðrir meðlimir Magister fengu einnig að mæta. Bókað var Karaoke- herbergi á Ölstofunni og bauð Magister uppá léttar veitingar ásamt því að kaupa bjórkút fyrir hópinn. Um 15 manns mættu á viðburðinn og skemmtu sér vel. Magister tók einnig þátt í sameiginlegum viðburði með hug- og fél, við héldum skemmtilegan viðburð þar sem veglegir vinningar frá Blush voru í boði. Ágæt mæting var á viðburðinn. Árshátíð 2021 hefur verið frestað.

**Próflokpartý SHA**

Sameiginlegt próflokpartý SHA var haldið rafrænt í ár og var spilað bingó með veglegum vinningum.



### Nýnemadagar

Nýnemadagurinn, 24. ágúst 2020 fór fram rafrænt í ár vegna Covid-19. Magister var með kynningu ásamt kennurum deildarinnar fyrir nýnema þar sem þeir fengu kynningu á starfsemi félagsins, viðburðum skólaársins og þeir hvattir til þess að skrá sig í félagið. Einnig var búið að gera lokaðan facebook-hóp fyrir 1. árs nemana og fengu allir nemarnir upplýsingar um hann í kynningunni.

Móttaka fyrir nýnema í framhaldsnámi í **menntunarfræði** og **menntavísindum** var einnig rafrænt 7 og 8. september 2020. Karitas og Sólveig kynntu skráningar í félagið.

Alls voru 143 nemar sem skráðu sig í félagið í ár, sem eru fleiri en í fyrra. Í öllum nýnemakynningum á haustmisserinu var nemendum sýnt hvernig þeir áttu að skrá sig í félagið og þeim sýnt bæði lokaði hópur og like-síða Magister á Facebook. Nemendur fengu að vita að þar kæmu fréttir og tilkynningar um viðburði og annað sem við kemur félaginu. Eldri nemendur fengu áminningu um að skrá sig í gegnum vefmiðla félagsins.

### Sprellmót SHA

Sprellmót SHA var ekki haldið árið 2020 v/ covid-19.

### Stóra Vísó 2020

Stóra Vísó var haldin með óhefðbundnum hætti í ár, SHA hélt sameiginlegt Bingó með Rikka G. Stafnbúi bauð síðan öllum aðildarfélögum á rafrænan fyrirlestur hjá Gerði Arnbjarnardóttir eiganda Blush og einnig stuttur fyrirlestur með Áslaugu Örnu.

*Akureyri, 10. febrúar 2021*  
*Stjórn Magister*

## Ársskýrsla REKA

Stjórn Reka 2020-2021:

**Formaður:** Maríanna Margeirsdóttir

**Varaformaður:** Sveinn Andri Jóhannsson

**Fjármálastjóri:** Ásdís Inga Víktorsdóttir

**Meðstjórnandi:** Hanna Rún Jónsdóttir

**Fulltrúi nýnema:** Gunnar Sigurðsson



Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Margrét Sól Jónasdóttir

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Margrét Sól Jónasdóttir

**Fulltrúi í kynningarnefnd:** Sóley Úlfarsdóttir

### Starfsemi félagsins

Reki er nemendafélag Viðskiptadeildar við Háskólann á Akureyri og er starfrækt á þeim grundvelli að vera sameiningartákn allra viðskiptadeildarnema. Eitt af megin hlutverkum Reka er að halda uppi virku félagslífi innan Viðskiptadeildarinnar. Í þeim tilgangi stendur félagið að ýmsum skemmtunum svo sem nýnemakvöldi, vísindaferðum, skemmtikvöldum og ýmsu öðru. Reki er ennfremur hagsmunafélag Viðskiptadeildar og beitir sér fyrir úrlausn þeirra hagsmunamála sem upp koma, jafnt innan deildarinnar sem og utan hennar. Síðast en ekki síst er markmið félagsins að kynna nám við Viðskiptadeild HA út á við.

Stjórn Reka skipa fimm manns; formaður, varaformaður, fjármálastjóri, meðstjórnandi og fulltrúi nýnema. Á ársfundi félagsins sem haldinn er vor hvert er ný stjórn kosin ásamt því að

## Ársskýrsla 2021

farið er yfir samþykktir félagsins og þeim breytt ef þörf er á. Í upphafi skólaársins gerði stjórn Reka fréttabréf sem var sent út á alla nýnema sem voru að hefja nám við viðskiptafræðideild. Skólaárið var þó með öðruvísi sniði heldur en gera mátti ráð fyrir vegna COVID-19, var því lítið hægt að halda viðburði þar sem nemendur komu saman en stóð stjórnin af nokkrum rafrænum viðburðum, ásamt því að ná einum mjög skemmtilegum og góðum viðburði þar sem við máttum koma saman og skemmta okkur.

### Félagsstarf

#### 27. ágúst 2020 - Nýnemakvöld Reka

Nýnemakvöldið var haldið með öðruvísi sniði í ár vegna COVID-19. Stjórnin samdi skemmtilega spurningakeppni þar sem veitt voru verðlaun fyrir fyrstu sætin. Nýnemakvöldið var haldið á zoom.

#### 28. ágúst 2020 - Nýnemakvöld SHA

SHA bauð upp á rafrænt nýnemakvöld 28. ágúst, þar sem spilað var BINGO. Mikið fjör og mikið gaman.

#### 17. september 2020 – Bryggjukvöld Reka

REKI náði að halda einn viðburð þar sem leyfilegt var að hittast og gerðum við svo sannarlega skemmtilegan viðburð út frá því. Fórum við á Bryggjuna veitingastað þar sem við fengum pizzahlaðborð og buðum upp á gylltarveigar fyrir meðlimi okkar. Við spiluðum pubquiz og vorum með glæsilega vinninga frá fyrirtækjum sem styrktu okkur. Eftir að viðburðinum lauk sameinuðust allir í bænum þar sem gleðin hélt áfram með hinum félögum HA.

#### 5. nóvember 2020 – Zoomkvöld Stafnbúa, Reka og Data

Stafnbúi, Reki og Data tóku höndum saman og héldu gríðarlega flottan viðburð. Rikki G skemmtikraftur kom og hélt uppi PubQuiz þar sem veittir voru flottir vinningar frá fyrirtækjum

sem styrktu okkur. Einnig kom Pétur Jóhann Sigfússon fram og var með uppistand. Gríðarlega skemmtilegur viðburður þarna á ferð!

#### 29. janúar 2021 – SHA BINGO með Rikka G

SHA stóð fyrir skemmtilegum viðburði þar sem ekki var farið í Stóru-vísó í ár vegna COVID-19 héldu þau BINGO, þar sem Rikki G var BINGO stjóri. Þetta var skemmtilegur viðburður og góð mæting.

#### 17. febrúar 2021 – Aðalfundur Reka

Aðalfundur Reka var haldinn þann 17. febrúar en stjórnarskipti verða þann 1.mars

#### 18. febrúar 2021 – HappyHour með Kumpána

Reki mun halda rafrænan viðburð með Kumpána fimmtudaginn 18. febrúar. Fram koma Jón Jónsson og Friðrik Dór Jónsson, búist er við mikilli skemmtun.

*Stjórn Reka 2020-2021*

## Ársskýrsla Stafnbúa 2021

### Stjórn Stafnbúa 2020-2021:

**Forseti:** Særún Anna Brynjarsdóttir

**Varaforseti:** Heiðdís Fríða Agnarsdóttir

**Fjármálastjóri:** Ágúst Már Gunnlaugsson

**Aðalritari:** Bylgja Hálfðánardóttir

**Fulltrúi nýnema:** Jóhanna Þorgilsdóttir

**Fulltrúi í náms- og matsnefnd auðlindadeildar:** Eva María Ingvadóttir



### Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Vésteinn Tryggvason

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Bylgja Hálfðánardóttir

### Starfsemi félagsins

Við í stjórn Stafnbúa vorum gríðarlega spennt að taka við keflinu af frábærri stjórn og ætluðum okkur að halda marga viðburði og halda áfram að vera virkasta félag skólans. Eins og allir vita þá kom covid 19 veiran og var fljótt ljóst að skólastarf yrði skert og lítið um viðburði. Við þurftum því að vera lausnarmiðuð og fór nánast allt félagslíf fram rafrænt.

### Félagsstarf

Hér fyrir neðan má sjá þá viðburði á vegum Stafnbúa þetta skólaárið.

### Smakkvöld Laxá 5.3.20

Við réttum svo sluppum með Smakkvöldið en það var haldið samkvæmt venju í seinni fjarnemavíkunni á vorönn. Þessi viðburður er sá stærsti sem Stafnbúi heldur ár hvert og verður

bara vinsælli með hverju ári. Við seldum inn á viðburðinn í annað skiptið og seldum einnig happdrættismiða sem seldust upp.

### Árshátíð SHA

Árshátíð SHA átti að vera í mars, í fyrstu var henni frestað en svo að lokum var henni aflýst, því varð ekkert úr fyrirpartý heldur. Það var þó búið að gera árshátíðaratriðið.

Þessir mánuðir einkenndust af covid og var samkomubann og því engir viðburðir.

### Rafrænt nýnemaspjall 27.08.20

Nýnemadagarnir voru rafrænir í ár og vorum við með nýnemaspjall á zoom þar sem við heyrðum í nýnemunum. Ég fór yfir hvernig uflan og canvas virkar en það var engin formleg dagskrá heldur bara létt spjall. Daginn eftir var svo nýnemakvöld SHA þar sem var farið í Bingó.

### Nýnemakvöld Stafnbúa 17.09.20

Loksins kom smá slaki á covid og við náðum að hittast á Grillstofunni. Það þurfti að skrá sig vegna Covid og voru 42 sem skráðu sig. Þetta heppnaðist ótrúlega vel og mætingin fór fram úr okkar björtustu vonum.

### Spilakvöld Stafnbúa 03.11.20

Við spiluðum Among us saman og notuðum forritið Discord til þess að hafa samskipti.

### Zoomkvöld Stafnbúi x Reki x Data 05.11.20

Stafnbúi hélt zoomkvöld í samstarfi við Reka og Data. Kvöldið byrjaði á Pub quizi með Rikka G og voru veglegir vinningar í boði þar. Eftir Rikka kom Pétur Jóhann og hélt fyrir okkur rafrænt uppstand sem var ótrúlega vel heppnað. Það mættu 52 inná zoomið.

### Stóra Vísó (Rafræn) 28/29.01.21

Þar sem augljóslega var ekki hægt að fara í Stóru Vísó suður eins og síðustu ár þá ákváðum við þó ekki að aflýsa henni. Við færðum hana á netið og báðum fyrirtækin um að koma til okkar og kynna starfsemi sína á zoom.

Á fimmtudeginum byrjaði dagskrá klukkan 19:30 og byrjaði Primex á því að kynna starfsemi sína. Klukkan 20:00 kom svo Valka og 20:40 ORF/bioeffect.

Á föstudeginum ákváðum við að bjóða öllum aðildafélögum innan SHA að koma með okkur á zoom og fengum við Gerði Arinbjarnar, eiganda og stofnenda Blush til að koma og hún flutti erindi sem kallaðist 5 aðferðir í átt að framúrskarandi fyrirtæki, á eftir henni kom svo Áslaug Arna og ræddi við okkur og svaraði spurningum.

### Aðalfundur Stafnbúa 11.02.21

Aðalfundur Stafnbúa var haldinn 11. febrúar á zoom. Því var ekki hægt að bjóða uppá veitingar eða drykki en lesin var ársskýrsla og farið yfir ársreikninginn.

### Auka á tímum covid

#### Aukakennsla í efnafræði

Við óskuðum eftir nemanda til þess að taka að sér auka kennslu til þess að aðstoða nýnema í Efnafræði. Almar Knörr tók þetta að sér og var vel heppnað og voru bæði kennarar og nemendur ánægðir með þetta.

### Sloppa og bolasala

Við pöntuðum nýja Stafnbúa boli en þeir eru endurnýjaðir á 3 ára fresti. Einnig var árleg sloppasala fyrir nýnema og þar sem nemendur gátu ekki komið og sótt sloppana eins og undarfarin ár þá sendum við alla sloppana utan Akureyrar heim og keyrðum þá sjálf út á Akureyri.

### Jólagjöf

Okkur langaði að gefa Stafnbúum smá sárabót fyrir lítið félagslíf á árinu og sendum þeim jólakort, HA karmellur og tvo bíómíða í Borgarbíó.

*Stjórn Stafnbúa 2020-2021*



## Ársskýrsla Þemis

### Stjórn Stafnbúa 2020-2021:

**Formaður:** Nökkvi Alexander Rounak Jónsson

**Varaformaður:** Sigrún Dóra Halldórsdóttir

**Gjaldkeri:** Elísabet Ásmundsdóttir

**Ritari:** Aðalheiður Kristjánsdóttir

**Nýnemafulltrúi lögfræðinema:** Sunna Björk Þórðardóttir

**Áheyrnarfulltrúi ML nema:** Garðar Kristinsson

**Fulltrúi fjarnema:** Klara Ósk Kristinsdóttir



### Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Nökkvi Alexander Rounak Jónsson

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Nökkvi Alexander Rounak Jónsson

### Almennt

Ný stjórn Þemis var kjörin á aðalfundi þann 11. Febrúar 2020. Það gekk vel að manna í stöður, það voru þó engar kosningar, nema fyrir nýnemafulltrúa í byrjun haustmíssis '20. Viðburnir voru af skörnum skammti útaf heimsfaraldrinum COVID-19, hafði hann áhrif á skólahald sem og félagslíf laganema.

### Lotugleði Þemis 2020

Fyrsta lotugleði nýrrar stjórnar var haldin 11. febrúar strax eftir aðalfund á Café Amour. Aðs ókn var góð og allir skemmtu sér prýðilega á köldu þriðjudagskvöldi.

### Sundkvöld Þemis 2020

Upp kom hugmynd frá formanni að halda sundkvöld meðal laganema.

Var ákveðið að hittast í Hrafnagili 11.

mars og ræða heimsmálin. Mæting var skelfileg en einungis formaður og fjarnemafulltrúi mættu en þau skemmtu sér konunglega.

### Viðburðir sem urðu ekki vegna COVID-19

Þemis hafði gert áætlun fyrir viðburði á skólaárinu en COVID-19 kom í veg fyrir nokkra þeirra. Þar á meðal var árshátíð SHA aflýst, seinni lotugleði vormisseris féll niður og það var ekkert próflokadjamm.

Á haustmisseri féllu niður báðar lotugleðirnar, sprellumótíð og próflokadjamm.

### Netviðburðir

Vegna þess að margir viðburðir féllu niður vegna COVID-

19 héldum við viðburði á netinu til að reyna að efla félagslíf og kynnst nýnemum.

- Þann 24. ágúst var haldið rafrænt nýnemakvöld sem gekk ágætlega og sköpuðust skemmtilegar umræður en þó var aðsókn ekki mikil.
- Þá var nýnemakvöld SHA haldið þann 28. ágúst. Þar var formaður Þemis í lykilhlutverki sem bingóstjórnandi og var aðsókn hjá laganemum nokkuð góð.
- Þemis hélt svo bar-svar á zoom þann 20. nóvember sem gekk rosalega vel og skemmtu allir sér konunglega. Það voru flottir vinningar fyrir fyrstu 3 sætin.
- Þá héldu félög á hug- og félagsvísinda sviðum sameiginlegt próflokakvöld á zoom þann 18. desember. Aðalviðburðurinn var Kahoot keppni en svo var skipt upp í minni hópa og notast við breakout rooms, en þar var spilað m.a. Among Us og Trúnó með Nökkva. Þá voru glæsilegir vinningar fyrir fyrstu sætin í Kahoot og svo var einnig happdrætti í gangi á meðan á viðburðinum stóð.

### Að lokum

Þessi stjórnartíð hefur vægast sagt verið undarleg, hún hefur mótast af fáum viðburðum og að geta ekki hitt samnemendur í húsnæði Háskólans vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

Eins og seinustu ár þá hefur þemis átt í erfiðleikum með að koma saman laganemum. Stjórn þemis var vongóð um að þetta myndi batna með rafrænum viðburðum en svo var ekki. Hinsvegar vill stjórn þemis þakka öllum þeim sem tóku virkan þátt í félagslífinu þennan veturinn og vonar eftir betri mætingu næstu ár.

Þemis vill einnig þakka SHA og HA fyrir góða upplýsingagjöf á þessum flóknu tímum. Hefur lykillinn að fjölbreyttu félagslífi verið samvinna milli aðildarfélaga innan SHA, fráfarandi formaður hefur aldrei upplifað jafn skemmtilega og fjölbreytta viðburði á vegum allra aðildarfélaga og SHA. Má segja að þrátt fyrir að allt hafi farið fram á Zoom þá hafi það samt sem áður gengið frábærlega.

Fráfarandi stjórn þemis þakkar fyrir þolinmæði, hamingju og gleði á þessum erfiðu tímum og vonar svo innilega að næsta stjórn tækli næsta verkefni með dugnaði.

*Stjórn þemis 2020-2021*

## Ársreikningur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri



### Rekstrarreikningur 01.03.2019-28.02.2020

	Skýring	2019-2020	2018-2019
<b>Tekjur</b>			
Framlag HA.....	1	11.603.073	11.296.874
Framlög og styrkir.....	2	681.900	273.095
Aðrar tekjur.....	3	259.588	236.774
Tekjur af skemmtunum.....	4	3.363.960	3411997
		<b>15.908.521</b>	<b>15.218.740</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlag til deildarfélaganna.....	5	3.416.778	2.443.723
Laun og launatengd gjöld.....	6	3.958.000	3.971.179
Funda- og ferðakostnaður.....	7	514.830	544.099
Skemmtanamál.....	8	6.296.656	6.122.434
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....	9	330.000	219.990
Rekstrarkostnaður.....	10	398.864	424.563
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0
Önnur gjöld.....	11	391.566	993.500
Tilfærslur.....		0	0
Eignakaup.....	12	894.949	0
		<b>16.201.643</b>	<b>14.719.488</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur.....</b>		<b>-293.122</b>	<b>499.252</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		68.011	51.563
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>		<b>-225.111</b>	<b>550.815</b>



**Efnahagsreikningur 28.02.2020**

	<i>Skýring</i>	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>Eignir</b>			
Handfært fé.....	13	8.542.358	8.936.219
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>8.542.358</u>	<u>8.936.219</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>8.542.358</u></b>	<b><u>8.936.219</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	14	7.903.719	7.352.904
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....	15	-225.111	550.815
<i>Höfuðstóll</i>		<u>7.678.608</u>	<u>7.903.719</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>7.678.608</u>	<u>7.903.719</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....	16	863.750	1.032.500
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>863.750</u>	<u>1.032.500</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>8.542.358</u></b>	<b><u>8.936.219</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>17</b>	<b><u>-225.111</u></b>	<b><u>550.815</u></b>

**Skýringar**

*Grundvöllur ársreikningaskilanna: Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerðir um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónutölum.*

- 1 - Framlag Háskólans á Akureyri til Stúdentafélags Háskólans á Akureyri samkvæmt samningi.
- 2 - Styrkir frá Íslandsbanka og Atlantsólú.
- 3 - Aðrar tekjur, svosem flöskupeningur, misfærslur og óvæntur peningur af gömlum Arion reikningi.

- 4 - Tekjur af skemmtunum á vegum félagsins í formi framlaga til aðildarfélaga og þátttökugjaldi stúdenta.
- 5 - Framlag félagsins til aðildarfélaga sinna á starfsárinu 2019-20.
- 6 - Þóknanir fyrir störf stúdenta í þágu félagsins á starfsárinu 2019-20.
- 7 - Kostnaður við fundarhöld og ferðakostnaður innanlands.
- 8 - Kostnaður við skemmti-, íþrótt- og fjölskylduviðburði á starfsárinu 2019-20.
- 9 - Veittir styrkir á starfsárinu til blaðaútgáfu, ferða félagsmanna á ráðstefnur og þess háttar.
- 10 - Kostnaður við rekstur og uppsetningu réttindaskrifstofu SHA.
- 11 - Ýmis annar kostnaður, meðal annars kaup á kaffi fyrir stúdenta, vinningar fyrir þátttöku í kennslumati og þess háttar.
- 12 - Eignakaup vegna flutnings á nýja skrifstofu.
- 13 - Staða handbærs fé á bankareikningum félagsins og í reiðufé 25.02.2020.
- 14 - Staða höfuðstóls í upphafi starfsárs 28.02.2019.
- 15 - Tekjuafangur af rekstri félagsins skólaárið 2019-20.
- 16 - Ógreidd skuld við Hótel Cabin.
- 17 - Bókfærð rekstrarniðurstaða starfsársins 2019-20.

*Akureyri, 27. febrúar 2020*

*Jón Hlífur Aðalsteinsson*

*Fjármálastjóri Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2019-2020*

Við yfirferð skoðunarmanns reikninga á ársreikningi SHA fyrir starfsárið 2019-2020 kom í ljós villa við ársreikning fyrra starfsárs, 2018-2019. Þáverandi fjármálastjóri SHA bar þann ársreikning ekki undir skoðunarmann reikninga og kynnti hann óyfirfarinn á aðalfundi félagsins 2019. Við nánari skoðun á ársreikningi 2018-2019 komu í ljós alvarlegir vankantar á ársreikningsgerðinni sem kallaði á nákvæma yfirferð á bókhaldsgögnum fyrir árið 2018-2019. Tekjur voru tvíteknar og gjöld vantalin sem skekkti rekstrarniðurstöðu ársins verulega. Því er lagður fram leiðréttur ársreikningur SHA fyrir starfsárið 2018-2019 sem og ársreikningur fyrir líðandi starfsár 2019-2020.

*Reykjavík, 26.02.2020*

*Leifur Guðni Grétarsson*

*Skoðunarmaður reikninga SHA*

## Ársreikningar aðildarféлага

### Ársreikningur Data



#### Rekstrarreikningur

	<i>Skýring</i>	2020-2021	2019-2020
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....		0	0
Framlag FSHA.....		332,808	400,000
Aðrar tekjur.....		0	928
Tekjur af skemmtunum.....		0	0
		<b>332,808</b>	<b>400,928</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....		0	0
Funda- og ferðakostnaður.....		0	0
Skemmtanamál.....		374,655	246,202
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....		17,000	0
Rekstrarkostnaður.....		2,457	3,859
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0
Eignakaup.....		0	0
Tilfærslur milli rekstrarára.....		0	0
		<b>394,112</b>	<b>250,061</b>
		<b>394,112</b>	<b>250,061</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur.</b>		<b>-61,304</b>	<b>150,867</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		125	276
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>		<b>-61,179</b>	<b>151,143</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>		<b>-61,179</b>	<b>151,143</b>



Stúdentafélag  
Háskólans á Akureyri  
Efnahagsreikningur

Aðalfundur 19.02.2020

	<i>Skýring</i>	<b>2020-2021</b>	<b>2018-2019</b>
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....		388,457	318,527
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>388,457</u>	<u>318,527</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><b>388,457</b></u>	<u><b>318,527</b></u>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		449,636	35,455
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		<u>-61,179</u>	<u>283,072</u>
Höfuðstóll		<u>388,457</u>	<u>318,527</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>388,457</u>	<u>318,527</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><b>388,457</b></u>	<u><b>318,527</b></u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<u><b>-61,179</b></u>	<u><b>283,072</b></u>



## Ársreikningur Eirar



### Rekstrarreikningur

	Skýring	2020-2021	2019-2020
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....		0	0
Framlag FSHA.....		480,021	0
Aðrar tekjur.....		1,079,126	0
Tekjur af skemmtunum.....		0	0
		<b>1,559,147</b>	<b>0</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....		0	0
Funda- og ferðakostnaður.....		19,170	0
Skemmtanamál.....		170,789	0
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....		0	0
Rekstrarkostnaður.....		1,019,440	0
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0
Eignakaup.....		0	0
Tilfærslur milli rekstrarára.....		0	0
		<b>1,209,399</b>	<b>0</b>
		<b>1,209,399</b>	<b>0</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur.....</b>		<b>349,748</b>	<b>0</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		-3,241	0
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>		<b>346,507</b>	<b>0</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>		<b>346,507</b>	<b>0</b>



Stúdentafélag  
Háskólans á Akureyri

**Efnahagsreikningur**

Aðalfundur dagsetning



	<i>Skýring</i>	2020-2021 <sup>▼</sup>	2019-2020 <sup>▼</sup>
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....		543,712	0
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>543,712</u>	<u>0</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>543,712</u></b>	<b><u>0</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		543,712	0
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		346,507	0
Höfuðstóll		<u>890,219</u>	<u>0</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>890,219</u>	<u>0</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>890,219</u></b>	<b><u>0</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<b><u>346,507</u></b>	<b><u>0</u></b>

## Ársreikningur Forseta



### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir.....	
Framlag FSHA.....	
Aðrar tekjur.....	
Tekjur af skemmtunum.....	

Skýring	2020-2021	2019-2020
	0	0
	367,298	
	0	
	0	0
	<b>367,298</b>	<b>0</b>

#### Gjöld

Laun og launatengd gjöld.....	
Funda- og ferðakostnaður.....	
Skemmtanamál.....	
Vörukaup.....	
Veittir styrkir.....	
Rekstrarkostnaður.....	
Tapaðar viðskiptakröfur.....	
Eignakaup.....	
Tilfærslur milli rekstrarára.....	

	0	0
	0	
	67,505	
	0	0
	10,000	0
	6,127	
	0	0
	0	0
	0	0
	<b>83,632</b>	<b>0</b>
	<b>83,632</b>	<b>0</b>

#### Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur..

Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....

#### Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....

#### Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....

	283,666	0
	0	
	<b>283,666</b>	<b>0</b>
	<b>283,666</b>	<b>0</b>



Stúdentafélag Háskólans á Akureyri  
Efnahagsreikningur

Aðalfundur 10. febrúar 2021



	<i>Skýring</i>	2020-2021	2019-2020
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....		614,214	330,548
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>614,214</u>	<u>330,548</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><b>614,214</b></u>	<u><b>330,548</b></u>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		330,548	
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		283,666	0
Höfuðstóll		<u>614,214</u>	<u>0</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>614,214</u>	<u>330,548</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Víðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><b>614,214</b></u>	<u><b>330,548</b></u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<u><b>283,666</b></u>	<u><b>0</b></u>

## Ársreikningur Kumpána



KUMPÁNI

### Rekstrarreikningur

	<i>Skýring</i>	2020-2021	2019-2020
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....		0	15.000
Framlag SHA.....		455,626	430.000
Aðrar tekjur.....		51,000	236.242
Tekjur af skemmtunum.....		0	0.000
		<b>506,626</b>	<b>681.242</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....		0	0.000
Funda- og ferðakostnaður.....		3,067	0.000
Skemmtanamál.....		356,340	414.715
Vörukaup.....		0	0.000
Veittir styrkir.....		0	0.000
Rekstrarkostnaður.....		119,516	85.170
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0.000
Eignakaup.....		0	0.000
Tilfærslur milli rekstrarára.....		0	0.000
		<b>478,923</b>	<b>499.885</b>
		<b>478,923</b>	<b>499.885</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur..</b>		<b>27,703</b>	<b>181.357</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		117	226.000
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>		<b>27,820</b>	<b>181.583</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>		<b>27,820</b>	<b>181.583</b>

	<i>Skýring</i>	<b>2020-2021</b>	<b>2019-2020</b>
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0.000
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0.000</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0.000
Handfært fé.....		401,944	435.076
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>401,944</u>	<u>435.076</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>401,944</u></b>	<b><u>435.076</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		374,124	253.493
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		27,820	181.583
Höfuðstóll		<u>401,944</u>	<u>435.076</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>401,944</u>	<u>435.076</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0.000
Viðskiptaskuldir.....		0	0.000
Ógreiddur kostnaður.....		0	0.000
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0.000</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>401,944</u></b>	<b><u>435.076</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<b><u>27,820</u></b>	<b><u>181.583</u></b>

## Ársreikningur Magister



10-02-20



### Rekstrarreikningur

#### Tekjur

Framlög og styrkir.....	
Framlag SHA.....	
Aðrar tekjur.....	
Tekjur af skemmtunum.....	

Skýring	2020-2021	2019-2020
	0	0
	421,136	400,000
	0	153,500
	0	0
	<b>421,136</b>	<b>553,500</b>

#### Gjöld

Laun og launatengd gjöld.....	
Funda- og ferðakostnaður.....	
Skemmtanamál.....	
Vörukaup.....	
Veittir styrkir.....	
Rekstrarkostnaður.....	
Tapaðar viðskiptakröfur.....	
Eignakaup.....	
Tilfærslur milli rekstrarára.....	

	0	0
	0	5,820
	128,654	261,180
	0	0
	0	0
	3,943	1,990
	0	0
	0	-148,973
	0	0
	<b>132,597</b>	<b>120,017</b>
	<b>132,597</b>	<b>120,017</b>

#### Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur..

Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....


Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....

	288,539	433,483
	-29	-33
	<b>288,510</b>	<b>433,483</b>

Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....

	<b>288,510</b>	<b>433,483</b>
--	----------------	----------------

05-02-20



	<i>Skýring</i>	<b>2020-2021</b>	<b>2019-2020</b>
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....		558,904.000	157.111
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>558,904.000</u>	<u>157.111</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>558,904.000</u></b>	<b><u>157</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		272,713	137,209
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		288,510	433,450
Höfuðstóll		<u>561,223</u>	<u>570,659</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>561,223</u>	<u>570,659</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>561,223</u></b>	<b><u>570,659</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<b><u>288,510</u></b>	<b><u>433,450</u></b>



## Ársreikningur Reka



### Rekstrarreikningur

	Skýring	2020-2021	2019-2020
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir	3	15,000	42,500
Framlag SHA	4	395,899	457,000
Aðrar tekjur	5	0	3,785
Tekjur af skemmtunum	6	150,000	65,040
		<b>560,899</b>	<b>568,325</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	7	0	0
Funda- og ferðakostnaður		0	56,427
Skemmtanamál	9	451,386	465,196
Vörukaup	10	0	0
Veittir styrkir	11	0	0
Rekstrarkostnaður	12	3,037	6,677
Tapaðar viðskiptakröfur	13	0	0
Eignakaup	14	0	0
Tilfærslur milli rekstrarára	15	0	0
		<b>454,423</b>	<b>528,300</b>
		<b>454,423</b>	<b>528,300</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur</b>	<b>16</b>	<b>106,476</b>	<b>40,025</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	17	-23	-27
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli)</b>	<b>18</b>	<b>106,453</b>	<b>39,998</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	<b>19</b>	<b>106,453</b>	<b>39,998</b>

Aðalfundur 17. febrúar 2021

## Efnahagsreikningur

	<i>Skýring</i>	2020- 2021	2019- 2020
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur		0	0
Handfært fé	12	288,291	184,520
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>288,291</u>	<u>184,520</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>288,291</u></b>	<b><u>184,520</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun	13	184,520	113,591
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	14	106,453	39,998
Höfuðstóll		<u>290,973</u>	<u>153,589</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>290,973</u>	<u>153,589</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir		0	0
Viðskiptaskuldir		0	0
Ógreiddur kostnaður		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>290,973</u></b>	<b><u>153,589</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>15</b>	<b><u>106,453</u></b>	<b><u>39,998</u></b>

## Ársreikningur Stafnbúa



### Rekstrarreikningur

	Skýring	2020-2021	2019-2020 <sup>1</sup>
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....	3	310,000	75,000
Framlag SHA.....	4	389,169	408,500
Aðrar tekjur.....	5	379,780	452,294
Tekjur af skemmtunum.....	6	195,040	85,787
		<b>1,273,989</b>	<b>1,021,581</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	7	0	0
Funda- og ferðakostnaður.....		28,209	7,950
Skemmtanamál.....	9	710,111	911,223
Vörukaup.....	10	0	0
Veittir styrkir.....	11	0	0
Rekstrarkostnaður.....	12	66,764	22,586
Tapaðar viðskiptakröfur.....	13	0	8,500
Eignakaup.....	14	-496,909	-202,340
Tilfærslur milli rekstrarára.....	15	0	0
		<b>308,175</b>	<b>747,919</b>
		<b>308,175</b>	<b>747,919</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur.....</b>	<b>16</b>	<b>965,814</b>	<b>273,662</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....	17	160	336
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>	<b>18</b>	<b>965,974</b>	<b>273,998</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>	<b>19</b>	<b>965,974</b>	<b>273,998</b>



**Efnahagsreikningur**

	<i>Skýring</i>	2020-2021	2019-2020
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....	12	351,936	398,666
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>351,936</u>	<u>398,666</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>351,936</u></b>	<b><u>398,666</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	13	407,579	546,598
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....	14	965,974	273,998
Höfuðstóll		<u>1,373,553</u>	<u>820,596</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>1,373,553</u>	<u>820,596</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>1,373,553</u></b>	<b><u>820,596</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>15</b>	<b><u>965,974</u></b>	<b><u>273,998</u></b>

## Ársreikningur Þemis



### Rekstrarreikningur

Skýring	2020-2021	2019-2020
<b>Tekjur</b>		
Framlög og styrkir.....	0	
Aðrar tekjur.....	0	
Framlag SHA.....	358,044	400,000
Tekjur af skemmtunum.....	0	44,500
	<u>358,044</u>	<u>444,500</u>
<b>Gjöld</b>		
Framlag til aðildarféлага.....	0	
Laun og launatengd gjöld.....	0	
Funda- og ferðakostnaður.....	0	
Skemmtanamál.....	55,517	310,982
Vörukaup.....	0	
Veittir styrkir.....	0	
Rekstrarkostnaður.....	43,170	44,077
Tapaðar viðskiptakröfur.....	0	
Önnur gjöld.....	17,700	21,717
Eignakaup.....	0	
Tilfærslur.....	0	
	<u>116,387</u>	<u>376,776</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur..</b>	<b>241,657</b>	<b>67,724</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....	445	3,703
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>	<b>242,102</b>	<b>71,427</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>	<b>242,102</b>	<b>71,427</b>

**Efnahagsreikningur**

<i>Skýring</i>	2020-2021	2019-2020
<b>Eignir</b>		
Fastafjármunir.....	0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>	<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....	0	
Handfært fé.....	800,819	558,627
<i>Veltufjármunir samtals</i>	<u>800,819</u>	<u>558,627</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><b>800,819</b></u>	<u><b>558,627</b></u>
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	558,717	487,200
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....	242,102	71,427
Höfuðstóll	<u>800,819</u>	<u>558,627</u>
<i>Eigið fé samtals</i>	<u>800,819</u>	<u>558,627</u>
<b>Skuldir</b>		
Skammtímaskuldir.....	0	0
Viðskiptaskuldir.....	0	0
Ógreiddur kostnaður.....	0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>	<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><b>800,819</b></u>	<u><b>558,627</b></u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<u><b>242,102</b></u>	<u><b>71,427</b></u>